FORNLEIFASKRÁNING Í CAMP GREELY, SKÁLUM Á LANGANESI



ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

AÐRIR HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR OG OSCAR ALDRED

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2019
FS729-18071

Ljósmynd á forsíðu er af grunni undan braggasamstæðu NÞ-128:113 sem líklega var samkomustaður hermanna í Camp Greely.

Ljósmynd: Oscar Aldred

©2019
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR....4

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF....7

3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU....9

4. FORNLEIFASKRÁ.... 11

5. SAGA SKÁLA OG CAMP GREELY 133

6. SAMANTEKT 142

HEIMILDASKRÁ....151

Viðauki

Yfirlitskort af fornleifum

Samantekt

Skýrsla þessi fjallar um herminjar á Skálum á Langanesi. Þar reistu bandarískir hermenn hverfið Camp Greely árið 1942 í tengslum við ratsjárstöð á sama stað. Skráning minja á svæðinu var styrkt af Fornminjasjóði og er hluti af verkefninu *Hernámið frá sjónarhóli fornleifafræðinnar* sem hlaut styrk úr sjóðnum árið 2018 og lagt var upp til tveggja ára. Verkefnið er samstarfsverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Háskólans í Tromsö og Háskóla Íslands. Markmiðið er að rannsaka herminjar með verkfærum fornleifafræðinnar, m.a. að skrá minjar á völdum stöðum, taka könnunarskurði, fara í vettvangsgöngur í kerfisbundinni gripaleit og með því að taka viðtöl við heimildamenn.

Ratsjárstöðin á Langanesi starfaði frá því í lok árs 1942 og var yfirgefin í stríðslok snemma árs 1944 eða 45. Eftir stóðu margvíslegar byggingaleifar og annars konar leifar efnismenningar hersins. Efniviður mannvirkja hersins var að hluta til fjarlægður og endurnýttur í stríðslok en hluti hans varð eftir og má sjá talsverðar minjar um hersetuna á svæðinu. Við fornleifaskráningu 2018 voru skráðir 67 minjastaðir. Þeir voru af margvíslegum toga, bæði grunnar undan íbúðabröggum og samkomuhúsi, brennsluofn, skotgrafir, byssuhreiður, vegir og margvíslegar aðrar minjar, sumar óræðar. Ástand minjanna var almennt fremur gott þótt svolítill uppblástur sé hér og þar á svæðinu.

Ásamt skráningu minja á vettvangi var flogið yfir allt skráningarsvæðið með dróna og loftmyndir teknar, auk þess sem fjórir prufuskurðir voru teknir innan svæðisins. Um þessar rannsóknir, sem og frekari niðurstöður skráningarinnar, verður fjallað í sérstakri skýrslu um niðurstöður fyrra árs rannsókna á herminjum sem kemur út á vordögum 2019.

Efnisorð

Fornleifaskráning, Fornminjasjóður, nýminjar, herminjar, Skálar á Langanesi, Camp Greely, síðari heimsstyrjöld

Summary

In this report are the findings of an archaeological survey conducted at a WWII site in Skálar, Langanes, NE Iceland. In 1942 the U.S. Army built a radar station in this remote place, about 1 km north of a small village on the peninsula. The survey is a part of a two year project focusing on WWII sites in Iceland using archaeological methods. The research was funded by the Icelandic Archaeological Fund (Fornminjasjóður) and is a collaborative work between the Institute of Archaeology (FSÍ), Tromsö University (TU) and the University of Iceland (HÍ). The aim is to use archaeological methods to shed a light on army remains in Iceland, by surveying selected sites, interviewing locals and doing some trial trenching and field walking.

The radar station at Langanes was built in 1942, started operating at the end of the year, and was abandoned in 1944 or 1945. In connection to it a small camp, Camp Greely, was built close by. Upon abandonment various building material was left behind, as well as foundations of houses and other structural remains and material culture. Some of the material culture was later removed and reused by local people but the rest remained in situ or became scattered around the area with time. During the survey in the summer of 2018 altogether 67 sites were surveyed, of various types: multiple bases of Nissan huts (including a mess hall), furnace, gun emplacements, foxholes, roads, and various other remains, some of which remained fairly unclear. The condition of the archaeology was on average fairly good although erosion has started to threaten some of the remains. As well as doing a documentary and a field survey of the site, four test trenches were dug in Camp Greely and a drone flown over the area for aerial photography. These will be discussed in a separate report about the results of the first year of the research.


Keywords

Archaeology, Archaeological survey, Icelandic Archaeological fund, 20th century archaeology, WWII, Skálar á Langanesi, Camp Greely

1. Inngangur

Á útmánuðum 2018 hlaut verkefnið *Hernámið frá sjónarhóli fornleifafræðinnar* styrk úr Fornminjasjóði. Herminjar teljast ekki til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna og hafa því gjarnan orðið útundan þegar kemur að skráningu og rannsóknum á minjastöðum. Árið 2018 gafst hins vegar kærkomið tækifæri til að efla rannsóknir á þessu sviði þegar sjóðurinn auglýsti sérstaklega eftir umsóknum sem sneru að rannsóknum á herminjum og er það vonandi til marks um aukna áherslu minjayfirvalda á þessum minjaflokki.

Rannsóknin er samstarfverkefni Fornleifastofnunar Íslands, Háskólans í Tromsö og Háskóla Íslands. Hún miðast að því að kanna herminjar með aðferðum fornleifafræðinnar, skrá minjarnar ítarlega, taka viðtöl sem varpað geta ljósi á samskipti hersins og heimamanna, byggingar og notkun þeirra og gera ýmsar tilraunir með aðferðafræði s.s. með því að taka könnunarskurði á



Rannsóknarsvæðið á Skálum á Langanesi merkt inn á Íslandskort sem rauður punktur. Grunnkort Gísli Pálsson

völdum stöðum, leggja út hnitakerfi, ganga kerfisbundið um afmarkað svæði og skrá inn alla gripi sem finnast á yfirborði og gera tilraun með þátttöku heimamanna til að varpa betra ljósi á hernámið, samskipti hersins og heimamanna og almennt á minjastaði. Viðfangsefnið eru minjar á þremur ólíkum bækistöðvum herliða úr síðari heimsstyrjöld, á Skálum á Langanesi, í Hvítanesi í Hvalfirði og á Núpsfjalli í Ölfusi. Markmið verkefnisins er tvíþætt og snýr annars vegar að rannsókn á landnámi hersins og sambúð hersetuliðs og heimamanna en hins vegar að aðferðalegri nálgun við

rannsóknir á herminjum. Verkefnið var lagt upp til tveggja ára og fólst vinnan á fyrra árinu annars vegar í undirbúningi, heimildavinnu og loftmyndatöku en hins vegar í vettvangsrannsóknum á einum af stöðunum þremur sem ráðgert er að kanna, Camp Greely í landi Skála á Langanesi. Gert er ráð fyrir að heildaryfirlit um allar rannsóknir ársins 2018 komi út á vordögum 2019 en þessi skýrsla fjallar eingöngu um þann þátt rannsóknar sem sneri að skráningu minja á Skálum. [1]

Nær engin reynsla er af kerfisbundinni skráningu herminja hér á landi þótt stundum rati þær inn á borð fornleifafræðinga. Við hefðbunda fornleifaskráningu hafa slíkir staðir fram að þessu gjarnan aðeins verið lauslega skráðir og með misjöfnum hætti. Almennt hefur ekki verið farið markvisst yfir ritaðar heimildir/söguleg kort eða hugað að ólíkum mannvirkjum og hlutverki þeirra. Við skráninguna á Skálum var hins vegar gerð nokkuð ítarleg skráning. Farið var í gegnum útgefnar heimildir og ljósmyndir sem vitneskja var um, gróf kortlagning gerð af sýnilegum minjum af loftmyndum áður en skráning hófst og síðan var gengið um allt það svæði þar sem talið var herminja væri að vænta, hver staður skráður og mældur upp auk þess sem gengið var um svæðið, helstu gripum safnað og þeir mældir inn. Rætt var við Guðlaugu Guðmundsdóttur heimildamann sem bjó á Skálum á stríðsárunum og einnig var farið í gegnum eldri viðtöl við ábúendur á Skálum sem bjuggu á svæðinu á sama tíma en þau voru tekin árið 2008 í tengslum við nýsköpunarverkefni um Skálaþorpið og kynningu þess.[2] Auk ofangreindra rannsókna var flogið með flygildi yfir svæðið og loftmyndir teknar.

Skráning herminja í landi Skála fór fram í águst 2018. Um skráninguna sáu þau Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Birna Lárusdóttir og Oscar Aldred. Á úrvinnslustigi sá Oscar um kortagerð en Elín sá um alla aðra úrvinnslu og ritun þessarar skýrslu.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar skráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um þá aðferðafræði sem notuð var við úttektina og í þeim fjórða er svo að finna sjálfa fornleifaskráninguna. Í fimmta kafla er að finna samantekt um sögu Skála og Camp Greely og í lokakafla skýrslunnar er að finna samantekt og helstu niðurstöður skráningarinnar. Aftast í skýrslunni eru kort sem sýna rannsóknarsvæðið og þær fornleifar sem fundust innan þess.

---

[1] Þóra Pétursdóttir o.fl.. 2019. Hernámið frá sjónarhóli fornleifafræðinnar: framvinduskýrsla (væntanleg). Grein eftir sömu höfunda er einnig væntanleg á árinu og nefnist hún "Surveying surveillance: Archaeological inspections of Camp Greely in NW Iceland".

[2] *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins* 2008.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti og enn yngri minjar, s.s. minjar um verksmiðjuhald og þéttbýlismyndun á 20. öld sem og herminjar hafa einnig mikið gildi enda hverfa fáir minjaflokkar eins hratt og þeir yngstu. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir

sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu en að þessu sinni snerist skráningin að minjaflokki sem liggur utan skilgreiningu laganna en engu að síður voru minjarnar skráðar með svipuðum hætti og við venjulega skráningu væri að ræða. Þrátt fyrir að um herminjar gildi í raun svipuð lögmál og flestar aðrar minjar er ljóst að umfang mannvirkja, hlutverk þeirra og efnismennig er að nokkru frábrugðin þeim minjum sem eiga uppruna sinn í íslensku sveitasamfélagi. Hluti þess verkefnis var því að kanna að hvaða leyti hefbundin fornleifaskráning næði utan um skráningu herminja og hvernig þróa mætti aðferðir við skráningu slíkra minja í verkefninu.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NÞ-128:101). Allar þær herminjar sem skráðar voru í Camp Greely eru innan landamerkja Skála eins og þau voru um miðbik 19. aldar og þær eru því skráðar undir jarðanúmerinu NÞ-128. Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, gryfja eða varða) eða mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Hlutverk minjastaðanna í Camp Greely passar ekki vel inn í þau hlutverkaheiti sem mest eru notuð við fornleifaskráningu og miðast við íslenska bændasamfélagið en þó var reynt að greina frá hlutverkum sem flestra minjastaða, væru þau talin ljós.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru sýnileg ummerki um minjastaði uppmæld þar sem þau voru merkjanleg. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins og má ætla að svipað viðmið megi hafa um herminjar þótt þær njóti ekki sjálfgefinnar friðunar samkvæmt lögum líkt og eldri minjar.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í Camp Greely og næsta nágrenni er gróðurhulan afar þunn og viðkvæm og jarðvegur grýttur og laus í sér undir henni. Herkampurinn hefur því risið á viðkvæmu svæði og mannvirkin hafa víða valdið svolitlu jarðvegsrofi í nágrenni minjanna. Almennt var því litið svo á að staðurinn væri í hættu vegna rofs.

Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.



Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar í Skálalandi sem geta talist til herminja. Það skýrir þá staðreynd að númeraröðin hefst á 101 (NÞ-128:101) enda er gert ráð fyrir að minjar á Skálum og í Skálaþorpi fylli númeraröðina 001-100, þótt umræddar minjar hafi ekki enn verið skráðar á kerfisbundinn hátt. Þrjú hús í þorpinu sjálfu fengu þó reyndar lægri númer enda ekki í raun hluti af herminjum á svæðinu nema að því leyti að þau voru yfirgefin í tengslum við stríðið, þegar tundurdufl skemmdu þau. Umrædd hús og þrjár aðrar minjar voru ekki skráðar sérstaklega á vettvangi sumarið 2018. Þessar minjar eru einkenndar með gráum lit á texta í fornleifaskránni.

4. Fornleifaskrá

NÞ-128 Jörðin Skálar: sögulegar upplýsingar

um 1270: Jarðarinnar er geti í rekaskrá Skálholtsstaðar. DI II,67-76

1461: "Máldagar Ólafs biskups Rögnvaldssonar um Hólabiskupsdæmi [...] [Sauðaneskirkja, Sauðanes NÞ-113] a landgogn fra steine j hardbaksmaul oc til oss firir vestan eyri er fylgt hefer skalalandi er þorbiorn arnorsson gaf [Kaupbréf líklega týnt]," DI V, 247, 278.

1461 á Sauðaneskirkja í heimajörð "hlasshual. skotmannzhual og starfhual oc skurd oc alla smareka sela oc fiska oc hnisna. þriggia alna vid oc allan smæra. rætr allar oc selivr. rostunga oc haskerdinga" DI V, 278

1570 og síðar, Hofskirkja á í Skálalandi "alltt og fluttning allann og vidreka". Gíslamáldagar; DI XV, 676. 1570 og síðar. Jarðarinnar er getið í Gíslamáldögum. DI XV, 676.

1686: 13 hdr. 80. ál., Hofkirkjueign [Hof í Vopnafirði, NM-048] skv. The Old Icelandic Land Registers, 308. Árið 1686 var jörðin í Skeggjastaðaþingsókn í Norður-Múlasýslu skv. The Old Icelandic Land Registers, 308.

1695: 8 hdr., Hofkirkjueign, skv. The Old Icelandic Land Registers, 308.

1840: Í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýsla segir: "(Aflögð bænhús.) Tvö bænahús hafa verið í Austurhreppi, það eina á Fagranesi [NÞ-133], hitt á Skálum, og að þeim hafa sótt Austurhrepps bæirnir [...]." 1841: "[...] er haft í munnmælum að hingað [til Skeggjastaða, NM-012] hafi áður legið tvær annexkirkjur, önnur á Fagranesi en hin á Skálum á Langanesi en hvörjir bær að til þeirra hafi heyrt er mér ókunnugt," segir í Sýslu og sóknalýsingum Múlsýsla, 34. 1924: Grafreitur gerður á Skálum á Skálabjargi, skv. Langnesingasögu I, 46.

1840: "Hér er illur og svo að segja enginn útheyskapur og léleg útbeit. Fuglaveiði í austanverðum tanganum fyrir utan Lambeyri og nótlag fyrir vöðusel," segir í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjasýsla, 290.

1847: 8 hdr., Hofkirkjueign, skv. Jarðatali Johnsen, 346. Árið 1847 er jörðin hins vegar í Sauðanes- og Austurhreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, skv. Jarðatali Johnsen, 346.

1910: Eftir 1910 hófst þéttbýlismyndun á svæðinu, mest var uppbyggingin milli 1910-1930 og bjuggu mest 119 manns í þorpinu. Önnur íbúðarhús á jörðinni voru: Árvík (einnig nefnt Nýju-Skálar, Efri-Skálar) b. 1920, Helgimundarbær b. 1918, Torfbær (einnig nefnt Jóelshús), Laufás b. c. 1920, Bær Magnúsar Guðbrandssonar (einnig nefnt Öfund), Sæból (einnig nefnt Jónshús) b. c. 1920, Þorvaldsstaðir (einnig nefnt Valdahús, Valdakofi, Jónasarhús) b. 1916, Bakki, b. c. 1920, Sigurveigarhús (einnig nefnt Björns Brimars-hús) b. 1925, Hof b. 1927, Hús Jóns Magnússonar, Oddi b. 1926, Sigguhús (einnig nefnt Bær Sigríðar Stefánsdóttur), Sólbakki, Sólvangur b. 1927, Glæsibær (einnig nefnt Helguhús, Helga, Stefánshús), Öldufélagshúsið, Gustuk, Kríustaðir b. c.


1920, Strandhöfn, Hólar, Hús Fanneyjar og Þorláks, Tótu og Ragnarshús, Brekka (einnig nefnt Tryggvakofi) b. 1927, Hvíta húsið, Bifröst, Betlehem, Stefánshús, skv. Langnesingasögu I, 35-36; Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 9-21.

1920: Tún 1,9 ha (slétt c. 0,4 ha), skv. túnakorti frá 1920.

1940-1945: Camp Greely: "Strandvarðstöð með nokkrum breskum hermönum var starfrækt á Skálum sumarið 1940 og af bandarísku sjóliðum sumarið 1942," segir í Langnesingasögu II, 46-47. Uppbygging ratsjárstöðvar og braggahverfis henni tengd hófst seinni hluta árs 1942 og var starfrækt til stríðsloka.

1954: Í eyði. Skálar voru í eyði 1947-1948 og fóru endanlega í eyði 1954, skv. Lýsingu Þingeyjarsýslu, 208. Í sömu heimild segir einnig: "Á skálum var áður fjölmennt útgerðarþorp, og var þar gerður brim-brjótur. Um 1920-1925 stóð þorpið í blóma, en stuttu síðar fór því að hnigna, og um 1930 og þar á eftir fór fólk þar stöðugt fækkandi, unz jörðin fór í eyði sem fyrr getur. Að þorpið fór í eyði, mun fyrst og fremst að kenna slæmum hafnarskilyrðum [...]. Einnig munu samgönguörðuleikar á landi hafa ráðið þar miklu um."

Herminjar á Skálum/Camp Greely



Yfirlitskort sem sýnir skráðar minjar í Camp Greely. Loftmynd: Loftmyndir ehf

NÞ-128:050 *Oddi*

"Oddi var byggður árið 1926, húsið var timburhús 7,53x5,8 metrar á stærð með svokölluðu forskyggni. Sæmundur Illugason smiður byggði húsið sem hann flutti síðan í ásamt eiginkonu sinni Kristínu Guðbrandsdóttur. Árið 1939 kaupa Þorsteinn Ólafsson og Þuríður Jónsdóttir húsið. Þau fara frá Skálum 1941 eftir að allar rúður í húsinu brotnuðu í sprengingu sem varð þegar tundurdufl rak á fjöruna. Húsið var rifið árið eftir og endurbyggt á Þórshöfn. Húsið stendur enn og er kallað Ásgarður, allt timbur og innviðir hússins eru úr Odda," segir í Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 10.

Heimildir: Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 10.

NÞ-128:051 *Hvíta húsið*

"Þar bjó Guðmundur Guðbrandsson einu sinni ásamt seinni konu sinni Kristínu Daníelsdóttur. Tundurduflaveturinn mikla flúðu þau úr húsinu og fóru upp í frystihúsið og sváfu þar. En húsið féll saman í einni sprengingunni," segir í Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og

Fanney Kristjánsdóttur, 12.


Heimildir: Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 12.

NÞ-128:052 *Bakki*

"Hjónin Sigurður Jónsson og Hólmfríður Sigurgeirsdóttir byggði Bakka laust eftir 1920. Húsið var úr timbri ein hæð og loft, 6,27x3,76 metrar að stærð [...]. Þar bjuggu hjónin ásamt sonum sínum Tryggva og Dalberg, einnig bjuggu þar dætur Hólmfríðar úr fyrri hjónaböndum, Guðrún, Kristín og Halldóra. Þau fluttu til Þórshafnar þegar tundurdufl eyðilagði Bakka. Fósturdóttir þeirra Stefanía var sú eina sem slasaðist vegna tundurdufl sprenginganna á Skálum. Stór og þung lugt sem hékk yfir rúmi hennar datt niður beint á enni hennar svo að hún fékk stóran skurð," segir í Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur.

Heimildir: Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 13.

NÞ-128:101	mannvirki	skotbyrgi?	690473	655464




Staðsetning mannvirkis NÞ-128:101 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Hringlaga hleðsla NÞ-128:101 .Á mynd til vinstri er horft til SA en til NV á mynd til hægri

Hringlaga hleðsla er á Tófuöxl, um 150 m norðan við grunn ratsjármasturs 105. Hleðslan er á mjög grýttu, mosavöxnu holti.

Einföld, nær jarðlæg hleðsla, alveg hringlaga, byggð upp við stóran stein sem er suðaustarlega í tóftinni. Grjótið er hellugrjót, ágætlega fallið til hleðslu. Þvermál tóftarinnar er um 5 m en innan hleðslunnar vex þykkur mosi. Hleðslan hefur aldrei verið há. Engar dyr eru sjáanlegar á tóftinni en leifar af strigapoka sjást í hleðslunni á 2-3 stöðum. Ekki er




Hringlaga hleðsla NÞ-128:101

alveg ljóst í hvaða tilgangi mannvirkið hefur verið reist þótt strigapokarnir gætu bent til þess að það hafi verið e.k. skotbyrgi. Hugsanlegt er einnig að mannvirkið hafi aldrei verið fullklárað.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:102	mannvirki	byssuhreiður	690508	690508



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:102 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Byssuhreiður NÞ-128:102. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til ANA á mynd til hægri



Á mynd til vinstri eru skotbyrgi NÞ-128:102 (ofar til vinstri) og NÞ-128:103 neðar til hægri en á milli þeira er gata NÞ-128:155. Á ljósmynd til hægri er nærmynd af byrgi 102. Á myndunum er horft til N.

Byssuhreiður var á Tófuöxl, um 90 m NNA við grunn ratsjármasturs 105 en 70 m SSA við mannvirki 101. Á Tófuöxl, austan við aðal íbúðarkampa Camp Greely og nærri ratsjármastri voru skráð þrjú áþekk mannvirki (sjá einnig 103 og 108). Líklegast er að mynd sem tekin var af bandarískum hermönum í byssuhreiðri í Camp Greely (birtist í Fremstu víglínu) sé tekin í einu af þessum byssuhreiðrum.



NÞ-128:102

Mannvirkið er í mjög grýttum móa sem er þó mosavaxinn á köflum. Frá því er stutt að austurbrún holtsins. Niðurgrafið mannvirki, 8 x 4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Það er tvískipt og er dýpra að norðan eða 1,6-1,7 m að dýpt. Nyrðri hlutinn er 4 x 2 m að innanmáli. Örlitlar timburleifar eru greinanlegar í




Byssuhreiður á Skálum 1943. Myndin er að líkindum tekin í byrgi NÞ-128:102 eða 103. Skotið er úr vatnskældri vélbyssu. (NARA 111-SC-229024). Myndin birtist áður í Friðþór Eydal. 1999:194

byrginu, þó ekki nema 1-2 spýtur. Talsvert af leifum af strigapokum eru hér og þar í hliðum gryfjunnar. Dyr eru upp úr byrginu í norðvesturhorni og beggja vegna við dyraopið eru svolitlar grjóthleðslur, 6-8 umför. Mikið af grjóti er í hliðum byrgisins en engar eiginlega hleðslur. Botn suðurhluta byrgisins er hærri, og er hann 1,4-1,5 m djúpur eða um 0,3 m hærri en norðurhlutinn og botninn nokkuð flatur. Svolítið haft er á milli gólfhlutanna. Syðri hlutinn er um 2 m í þvermál að innan. Mikill strigi er í hliðum byrgisins. Víða eru holur í grjóti því sem er í hliðunum og virðast þær manngerðar. Umræddar holur eru oft um 2 cm í þvermál en það er þó ekki algilt. Botn byrgisins er gróinn mosa og lyngi en talsvert glittir í moldarflag í hliðum þess en þar er einnig umtalsvert stórgrýti.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Friðþór Eydal, 1999, 194

NÞ-128:103 mannvirki byssuhreiður 690508 655322



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:103 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Byssuhreiður NÞ-128:103. Á mynd til vinstri er horft niður en til N á mynd til hægri


Stórt byssuhreiður er austast á Tófuöxl, um 20 m norðaustan við grunn ratsjármasturs 105 en tæpum 70 m sunnan við mannvirki 102. Mannvirkið er í austurbrún Tófuaxlar. Á Tófuöxl, austan við aðal íbúðarkampa Camp Greely og nærri ratsjármastri voru skráð þrjú áþekk mannvirki (sjá einnig 102 og 108). Líklegast er að mynd sem tekin var af bandarískum hermönnum í byssuhreiðri í Camp Greely (birtist í Fremstu víglínu) sé tekin í einu af þessum byrgjum. Hreiðrið er í mjög grýttum móa sem er þó mosavaxinn á köflum.

Mannvirkið er tvískipt og aflöng gryfja. Það er um 6,5 m á lengd en mest tæpir 5 m á breidd (í norðaustara hólfinu). Gryfjan er um 1,5 m á breidd. Talsverð mold er í bökkum þess en engar

grjóthleðslur sjást. Suðvestara hólfið er minna, um 2 x 1,5 m að innanmáli og talsvert miklar timburleifar eru þar enn, líkt og niðurgröfturinn hafi verið fóðraður með timbri að innanverðu. Á milli hólfanna er þrenging en norðaustari hlutinn er 4 x 3 m að stærð en er nokkuð samansigið. Engar timburleifar eru þar. Í báðum hólfum er talsvert um leifar af efni úr strigapokum.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Friðþór Eydal, 1999, 194



Byssuhreiður NÞ-128:103

NÞ-128:104 mannvirki skotbyrgi? 690495 655295



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:104 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Byrgi NÞ-128:104. Á mynd til vinstri er horft til NA en beint niður á mynd til hægri

Lítið, niðurgrafið byrgi er í austurbrún Tófuaxlar um 22 m ASA við þar sem mastur ratsjárstöðvar stóð 105 og um 26 m beint sunnan við byssuhreiður 103. Byrgið er í mjög grýttum móa sem er þó mosavaxinn á köflum. Brúnin er mjög grýtt á þessum stað. Gott útsýni er frá honum til austurs.

Byrgið er fremur lítilfjörlegt, niðurgrafið og aflangt, um 2 x 1,2 m að innanmáli. Brúnir þess eru nokkuð samansignar. Byrgið snýr norðaustur-suðvestur og grjót er í brúnum þess þótt varla sé hægt að tala um hleðslur. Byrgið er 0,3 m á dýpt.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:105 mannvirki ratsjármastur 690471 655307



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:105 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Grunnur ratsjármasturs NÞ-128:105. Á báðum myndum er horft niður

"Bandarískir loftvarnasérfræðingar þóttust þá sjá að staðurinn [Skálar] væri upplagður til að byggja á ratsjárstöð sem skyggnast skyldi eftir óvinaflugvélum út af Norðausturlandi. Hinn 1. ágúst 1942 var skipað á land á pramma með ýmsum varningi úr skipi sem notaður var til þess að undirbúa byggingu ratsjárstöðvar á heiðnum fyrir ofan Skálabyggðina og braggahverfi þar stutt frá [...]. Eftir að hafa byggt 24 bragga og 12 metra hátt ratsjármastur hélt byggingarsveit hersins á brott," segir í Langnesingasögu. Ratsjármastur Camp Greely stóð á Tófuöxl sunnanverðri, um 500 m austan við

aðalbraggahverfið í Camp Greely. Mastrið var nærri austurbrún holtsins, líklegast á hæsta punkti þess.

Umhverfis masturs-stæðið er hrjóstrugur og grýttur mói. Leifar af vegi, settum flötum hellum og mulningi liggur frá braggahverfinu vestar og að ratsjármastrinu.




Grunnur ratsjárstöðvar, NÞ-128:105. Horft til NA.

Á staðnum sést steypt plata, nú mikið til molnuð, úr ljósgrárri, fínni steypu tæplega 7 m á kant. Í miðju hennar sést ferhyrnt far, markað gróðri (lyngi og mosa) um 1,5 m á kant en gróðurrönd liggur líka frá ferningnum til austurs. Hlaðið hefur verið meðfram plötunni að austan, norðan og niður með vesturvegg til suðurs en þar hverfur hleðslan og allt er blásið meðfram suðurhlið. Hleðslan er varla meira en 3 umför (0,2-0,3 m á hæð). Á öllum hornum plötunnar er greinileg útskot eða áfastir stöplar, líklega undirstöður. Slíkt undirstaða sést reyndar illa í norðausturhorni en á hinum hornunum þremur standa tveir járnteinar upp úr jörðu með 10 cm millibili. Í kring um sjálfa undirstöðu ratsjármastursins eru ýmis umfangslítil mannvirki s.s. grjóthrúgur, timbur- og járnaleifar úr byggingum, koladreif og fleira (sjá m.a. 118-121).


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47.

NÞ-128:106	mannvirki	hlutverk óþekkt		690266	655298



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:106 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Grjóthrúga NÞ-128:106. Horft til N.


Stæðileg grjóthrúga er á Tófuöxl, um 260 m suðaustan við braggahverfið í Camp Greely en 200 m beint vestur af grunninum undan ratsjárstöðvarmastri 105. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum. Hrúgan er uppi á sjálfu holtinu.

Hrúgan er um 2,5 x 1,6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð. Grjótið virðist hafa verið höggvið úr klöpp eða sprengt, þ.e. það virðist ekki náttúrulegt. Stæðilegur en stakur trjádrumbur er austan við hrúguna.

Hættumat: hætta, vegna rofs


NÞ-128:107 mannvirki hlutverk óþekkt 690295 655231

Stæðileg grjóthrúga sem greinilega hefur verið safnað saman er á brún Tófuaxlar, um 314 m



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:107 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf






Grjóthrúga NÞ-128:107 . Horft til NV.

suðaustan við braggahverfið í Camp Greely en tæpum 200 m beint vestur af grunni af ratsjárstöðvarmastri 105. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróinn er á köflum. Hrúgan er uppi á sjálfu holtinu.

Hrúgan er um 5 x 2,8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún liggur niður brekku

sem þarna er. Hrúgan er 0,4 á hæð. Grjótið í hrúgunni virðist fremur slétt og er mögulegt að það hafi verið sprengt úr klöppum fremur en að það sé náttúrulegt grjót sem tínt hefur verið á þessum slóðum. Það er skófum vaxið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi grjóti var hrúgað saman á þessum stað en líklegast tengist það umsvifum hersins á þessum slóðum.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:108 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Byrgi NÞ-128:108 . Á mynd til vinstri er horft til V en til VSV á mynd til hægri

Löng gryfja er nærri suðurbrún Tófuaxlar um 140 m VSV við grunn ratsjármasturs 105 en 360 m suðaustan við braggahverfið í Camp Greely. Á Tófuöxl, austan við aðal íbúðarkampa Camp Greely og nærri ratsjármastri voru skráð þrjú áþekk byrgi (sjá einnig 102 og 103). Líklegast er að mynd sem tekin var af bandarískum hermönum í byssuhreiðri í Camp Greely (birtist í Fremstu víglínu) sé tekin í einu af þessum byrgjum. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er

á köflum. Gryfjan er nærri suðurhlið holtsins en þó ekki í brúninni.

Gryfjan er löng og mjó, en er tvískipt. Hún er samtals 10 x 5 m að stærð en innanmál er mun minna og er hún víðast um 2 m að breidd að innanmáli. Austurhluti gryfjunnar er um 5 m langur en vesturhlutinn um 2 m. Vesturhlutinn er um 1,2 m hærri en sá austari. Gryfjan er alveg niðurgrafin og brúnir hennar falla saman við umhverfið í kring. Hún er mest um 2 m á dýpt. Í suðaustur- og norðausturhornum eru timburstoðir, lóðréttar sem virðast á upprunalegum stað (in situ) og er mögulegt að gryfjan hafi verið alveg timburklædd að innan en hliðar hennar eru hrundar inn að talsverðu leyti og nú er þar mold og gisinn gróður. Í botni gryfjunnar er timbur hér og þar, allt úr lagi fært, þar eru líka götuð járnbretti sem herinn nefndi Marston Mats og voru mest notaðar til að útbúa á fljótlegan hátt lendingarsvæði fyrir flugvélar en hafa án efa einnig verið nýttar til að auðvelda yfirferð akandi farartækja yfir torfærur. Botn gryfjunnar er að mestu gróinn en moldarflag sést víða í hliðum hennar ásamt talsverðu af grjóti.




Byssuhreiður NÞ-128:108

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Friðþór Eydal. 1999, 194, https://en.wikipedia.org/wiki/Marston_Mat

NÞ-128:109 mannvirki skotbyrgi? 690409 655264



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:109 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Byrgi NÞ-128:109 . Horft til S


Lítið byrgi er á Tófuöxl um 70 m norðaustan við grunn ratsjármasturs 105 en um 410 m austan við braggahverfið í Camp Greely. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum. Gryfjan er nærri suðurhlið holtsins en þó ekki í brúninni.

Byrgið er grjóthlaðið en samansigið, ekki jafn heillegt og mörg þeirra sem skráð voru hinum megin í holtinu. Byrgið er 2,5-3 m í þvermál alls en innanmál þess (dældin í því miðju) er um 1 m í þvermál en 0,4 m á dýpt. Hleðslan sem markar af byrgið er jarðlæg og hringlaga en grjótið í henni


er mjög sokkið (hæð aðeins 0,1-0,2 m) og það er mun smærra grjót en er í mörgum af hinum skotbyrgjunum sem skráð voru á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:110 mannvirki braggagrunnur 690432 655271



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:110 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Braggagrunnur NÞ-128:110 til vinstri en hrúgur A og G á mynd til hægri. Á mynd til vinstri er horft til N en til NV á mynd til hægri

Stór braggagrunnur er suðaustan í Tófuöxl, um 42 m suðvestan við grunn ratsjármasturs 105, fast vestan við vegslóða 153 sem liggur frá aðalveginum að mastrinu og til suðurs (sjá 158) og um 470 m frá aðal braggahverfinu í Camp Greely. Braggagrunnurinn er í kvos og skýlir brekkan að norðan og norðvestan. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum.

Grunnur braggans er í raun tvískiptur, annars vegar steypt plata og hins vegar grjóthleðsla sem markar af stærra svæði umhverfi. Grjóthleðslan markar af svæðið að sunnan, austan, austurhluta norðurhliðar og suðurhluta vesturhliðar en. Ekki er greinileg hleðsla að norðvestan,

upp í brekkuna en þar er svæðið blásið að hluta en nokkur uppblástur er einnig að austanverðu, innan grjóthleðslu en þar liggur vegurinn einnig yfir enda mannvirkisins. Svæðið er 18,5 x 9 m og snýr NNA-SSV. Innan þessa svæðis norðarlega er steypt plata sem er 11 x 4,3 m að stærð. Hún er tekin að molna niður að talsverðu leyti. Í steypunni liggja mjög grannar timburspýtur á tveimur stöðum. Í brekkunni fast ofan við (norðvestan við) braggann sjást miklar leiðslur eða kaplar koma út úr brekkunni á a.m.k. tveimur stöðum. Einn braggabogi var í mannvirkinu. Ofan við braggann er steypt hringlaga lok eða hlemmur(A). Ofan á því er ferhyrnt far og á því er járnhald, skrúfað niður í steypuna. en ekki er ljóst hvaða tilgangi þetta mannvirki þjónaði. Tvær grjóthrúgur (B og C) sem eru 0,5 m á hæð eru fast sunnan við suðvestur horn braggans og um 7 m frá steyptu plötunni.




Braggagrunnur NÞ-128:110. Á ljósmynd er horft til SSV

Í þeim er mjög stórt grjót og hugsanlegt að þarna hafi verið púkk fyrir mjög stóra staura. Norðaustan við braggann liggur gömul tunna merkt A.I.O.C. sem stendur fyrir The Anglo-Persian Oil Company sem var breskt fyrirtæki sem vann olíu í Masjed Soleiman í Íran undir þessu nafni frá 1935-1954. Ofan við braggann, í brekkunni er talsvert af stál- og timburstaurum og líklega hefur svæðið verið girt af þótt ekki sé hægt að átta sig fullkomlega á legu girðingar með því að rekja stauranna eins og þeir eru nú. Annars vegar er um nokkra timburstaura að ræða en hins vegar stálstöpla og virðist raunar sem um tvenns konar girðingu sé að ræða en líklega hafa þær girt af umhverfi braggans. Að lokum má geta þess að fast ASA við braggann er stór timburdrumbur sem hefur verið fergður með grjóti, sjá 142.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:111 mannvirki braggagrunnur 689958 655402



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:111 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Braggagrunnur NÞ-128:111. Á mynd til vinstri er horft til SSA en til S á mynd til hægri

Syðsta skálaþyrpingin í Camp Greely er fast vestan við veginn þar sem hann beygir til suðvesturs og liggur að þorpinu á Skálum. Hún er 500 m vestan við grunn ratsjármasturs 105. Grunnurinn er á flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói.

Í hverfinu Camp Greely eru grunnar um bragga af ýmsum gerðum. Á fjórum stöðum eru ummerki um þyrpingar bragga og eru þrjár þeirra með fjórum samstæðum bröggum í. Sú þyrping sem hér er skráð er ein slík, þ.e. í henni eru fjórir braggagrunnar. Hún er syðsta þyrpingin sem farið er fram hjá áður en ekið er til suðurs niður í þorpið á Skálum. Svæðið er samtals 29 x 15 m stórt

og snýr NNV-SSA. Vegghleðslur eru víða 0,2-0,3 m á hæð og að mestu úr grjóti. Þyrpingin samanstendur af tveimur samsíða bröggum norðar sem hafa verið með innganga á suðurhlið (hér merkt 128:111_03 og 04) og tveimur öðrum bröggum samhliða sunnan við sem hafa haft innganga á norðurhliðum (hér merkt 128_111_01 og 02) en á milli er sund/gangvegur. Innanmál hvers braggagrunns er um 10 x 3-4 m. Suðurhluti þyrpingarinnar (01-02) er samtals 15 x 14 m stór og skiptist í tvær byggingar. Sú vestari (01) er með opi á norðurgafli miðjum. Tveir steyptir stöplar eru við vesturvegginn að innanverðu. Skurður 4 (trench 4) var sumarið 2018 tekinn við dyraopið. Annar skurður, skurður 2 (trench 2) er við norðvesturhorn hólfs 01. Austan við hólf/byggingu 01 er hólf 02. Það er áþekkt að stærð og er einnig opið til norðurs, inn í sundið sem þar er á milli þyrpinganna tveggja. Ekki er greinileg hleðsla fyrir suðurhlið hólfsins en fast sunnan þess er óljósar leifar, hringlaga steypuleifar og gæti hafa verið e.k. hús eða undirstaða á þeim stað, um 3 m í þvermál. Milli húsa 01-02 og húsa 03-04 er sund sem er tæplega 1 m á breidd. Norðan við sundið eru tvö samsíða hús, 03-04. Það vestara, 03 er með opi á suðurgafli og meðfram vesturvegg eru fjórir, steyptir stöplar. Einn steyptur stöpull er einnig á þeim vegg sem er á milli hólfa 03 og 04. Hólf 04 er austan við 03 og op er einnig á miðjum suðurgafli. Tveir steyptir stöplar eru nyrst í hólfinu. Skurður 1 (Trench 1) var tekinn í dyraopið. Greinilegt er að talsvert af grjóti hefur verið fjarlægt úr undirstöðum bragganna. Hólfin eru öll talsvert gróinn og vex lyng í botni hólfanna og hvergi virðist hafa verið steypt plata í gólfinu. Timbursökkull er enn á sínum stað (in situ) meðfram vesturvegg að innanverðu og undir honum þrír steyptir stöplar, alheilir sem einnig eru óhreyfðir. Þeir eru með jöfnu millibili og eru um 3 m á milli þeirra. Sambærilegur biti er einnig í norðurgafli að innanverðu. Við inngang inn í sundið sem skilur á milli norðurbragganna tveggja og suðurbragganna var mikið af striga í jarðveginum. Mikið




Braggagrunnur NÞ-128:111

af efnisleifum er í tóftunum, þar eru heillegar timburleifar úr braggagöflum, járnbindingar, strigaleifar og margs konar annars konar leifar byggingarafganga og leifa. Mest af timbrinu er í norðurhluta tóftarinnar og einnig talsverðar leifar norðan hennar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:112 mannvirki braggagrunnur 689986 655450




Staðsetning mannvirkis NÞ-128:112 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Braggagrunnur NÞ-128:112 . Á mynd til vinstri er horft til NA en til S á mynd til hægri

Undir þessu númeri er skráð fjögurra skála þyrping í Camp Greely um 24 m austan við bílveg sem liggur að þorpinu á Skálum. Hún er tæpum 500 m vestan við grunn ratsjármasturs 105. Þyrpingin ef fast vestan við Tófuöxl. Grunnurinn er á flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói. Holtið austan við er grýtt en mosa- og grasi vaxið.


Á þessum stað hafa staðið fjórir braggar þétt saman, tveir að norðan og tveir sunnar og hefur verið mjótt sund á milli. Svæðið snýr norður-suður. Grunnur bragganna er 29 x 15 m stór en bragginn í norðausturhorni nær þó 3-4 m lengra til norðurs. Grjóthleðslur hafa verið umhverfis bragganna og sjást þær enn nokkuð vel. Þær eru úr flötum steinum og eru víða 3-4 umför og 0,2-0,3 m á hæð. Ytri brún hleðslunnar er vel merkjanleg en innri brúnin signari og halla því flestar af hleðslunum nokkuð inn á við og hverfa sum staðar í mold sem þar er. Sem fyrr segir hafa greinilega staðið fjórir braggar á þessum stað, tveir hlið við hlið að sunnan (01 og 02) og tveir að sunnan (03 og 04). Umrædd hleðsla markar af svæði 01-02 annars vegar en 03-04 hins vegar en aðeins er moldarhryggur (minna en 1 m) á milli 01 og 02 og 03 og 04. Sundið á milli 01/02 og 03/04 er minna en 1 m á breidd. Í framhaldi af því er gata til vesturs (sjá 125). Op er á norðurgöflum 01-02 miðjum en á miðjum suðurgöflum 03-04 en hugsanlegt er að annað op hafi verið á hólfi 01, á suðurgafli. Talsverður af braggabogum og bindijárni hefur verið safnað saman við vesturvegg hólfs 03 og einnig vestarlega í hólfi 02. Hólfin er öll áþekk á breidd eða í kringum 3 m og öll hólfin nema 04 eru 9-10 m löng. Hólf 04 er hins vegar 14 m langt að innanmáli og nær 3-4 m lengra til norðurs en hólf 03 sem er vestan við það. Í þessu rými, sem nær lengra til norðurs hefur verið arin, upp við norðurenda en hann er nú fallinn inn í tóftina. Arininn hefur verið um 4 m hár og verið uppmjór. Að neðan virðist hann aðallega hlaðinn úr ávölu fjörugrjóti (en hellur inn á milli) en efsti hlutinn er að mestu úr hellugrjóti. Steypulím er á milli laga og arininn er steyptur að innan. Í kverkinni milli 03 og 04 er grjóthrúga sem er um 2 m í þvermál. Grjótið er fjörugrjót líkt og í arninum. Hrúga af hellugrjóti, líkt og því sem notað var í grunn bragganna er vestan við vesturvegg hólfs 03. Greinilegar leiðslur liggja undir vegginn og inn í hólf 01. Nokkrir gripir fundust í og við tóftina, t.a.m. leðurhanski við norðurenda hólfs 03.



Braggagrunnur NÞ-128:112.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:113 mannvirki braggagrunnur 689933 655452



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:113 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Braggagrunnur NÞ-128:113 . Á mynd til vinstri er horft til A en til SSA á mynd til hægri



Vatnstankur á steyptum grunni (til vinstri) en suðurhluti braggagrunns til hægri (NÞ-128:113). Á mynd til vinstri er horft til N en til S á mynd til hægri


Undir þessu númeri er skráðar umfangsmiklar byggingaleifar í Camp Greely tæpum 10 m vestan við bílveg sem liggur að þorpinu á Skálum. Mannvirkið er um 540 m vestan við grunn ratsjármasturs 105. Mannvirkið er á flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói.

Á þessum stað hafa verið þrjár sambyggðar byggingar (01-03) ásamt steyptum palli (04) á svæðinu miðju en járntankur (06) er á honum miðjum og talsverð hleðsla upp á hann (05). Samtals ná minjarnar yfir svæði sem er 44 x 18 m stórt og snýr h.u.b. norður-suður. Uppbygging mannvirkjanna er talsvert öðruvísi en annars staðar og líklega hefur umrædd þyrping verið samkomustaður af einhverri tegund, mögulega það sem á ensku er stundum kallað Mess hall. Braggaþyrpingin er af annarri tegund en aðrar þyrpingar á svæðinu, þar er stór braggagrunnur í miðju og grunnar til beggja enda. Þarna er líka vatnstankur og umbúnaður bygginga virðist ívið meiri en annars staðar, t.d. er mjög mikið um steypta stöpla sem líklega eru vísbending um viðameiri innréttingu skálanna, hugsanlega t.d. stæðilegt timburgólf. Samanlagt má leiða líkum að því að þarna hafi verið matsalur hermanna og e.t.v. setustofa. Eins er líklegt að á þessum stað hafi verið bíó hermannanna en um það er fjallað í samantektinni Eyðiþorpið Skálar á Langanesi. "Hermennirnir buðu líka Skálabúum í bíó en það var starfrækt í einum herbragganum," Beggja vegna við steyptu plötuna (04) eru húsgrunnar (01, 03) sem báðir eru opnir í átt að steyptu plötunni. Austan við steypta grunninn er svo þriðji grunnurinn (02) sem liggur langsum meðfram plötunni (en þær þó



Braggagrunnur NÞ-128:113. Svörtu punktarnir eru mælingar á steypustoðum

talsvert lengra til bæði norðurs og suðurs) og er hann að hluta opinn til vesturs, í átt að steyptu plötunni. Grunnur 01 er syðst á svæðinu. Hann er 12-13 x 4 m að innanmáli og snýr h.u.b. norður-suður. Hann er hlaðinn að utanverðu og er uppfyllingarefni meðfram því. Illa farinn timburbiti er greinilegur meðfram vesturvegg innanverðum. Þrátt fyrir að nokkurt grjót sé í hleðslum er það minna en í mörgum hinna bragganna og virðist líklegt að nokkuð af grjóti hafi verið fjarlægt úr veggjum og rof er í veggjunum víða. Hæð veggja er aðeins 0,2 m. Innan hólfsins eru leifar af járni úr braggabogum og ryðguð tunna í tveimur pörtum. Grjótmulningur er í botni hólfsins. Hólf 02 er um miðbik svæðisins austarlega. Hólfið er langt, eða 21 x 3,6 m að innanmáli en sunnanverð



Mynd úr setustofu hermanna á Skálum, tekin 8. apríl 1943. Líklega var setustofan eitt af þeim húsum sem skráð voru undir númerinu NÞ-128:113. (NARA 111-SC-229022) Myndin birtist áður í Friðþór Eydal. 1999: 175.


vesturhlið er opin, að steyptri plötu. Botn hólfsins er gróinn lyngi og mosa. Op er einnig á hólfið á suðurgafli. Veggir hólfsins eru áþekkir og í hólfi 01 og greinilegt að grjót hefur verið fjarlægt úr þeim. Inn í tóftinni eru mjög margir steyptir stöplar, annars vegar meðfram bæði austur- og vesturhliðum (7-10 talsins meðfram hvorri hlið) og hins vegar í miðju hólfinu en eftir því endilöngu eru steyptir stöplar með jöfnu millibili, samtals 11 stöplar. Meðfram vesturhlið er röð af steinum meðfram veggnum, í stefnuna norður-suður en ekki er ljóst hvaða tilgangi þeir þjóna. Tóftin/hólfið virðist vera af óvenjulegri byggingu, eða í það minnsta umfangsmeiri byggingu en flest önnur mannvirki á svæðinu. Mannvirki 03 er allra nyrst á svæðinu, norðan við steypta stöpulinn/járntankinn. Hólfið er 13-14 x 3,3-3,5 m að stærð og sem fyrr segir er ekki veggur fyrir suðurhlið, í átt að steyptu plötunni en þó er örlítill hækkun þar og timburleifar meðfram henni. Steyptur stöpull er í norðvesturhorni. Ekki eru önnur op merkjanleg á því. Í botni hólfsins er

grjótmulningur. Veggir eru áþekkir og annarstaðar í tóftinni og hefur grjót verið fjarlægt úr þeim. Á miðju svæðinu er steypt plata, hér nefnd 04, og á henni er járntankur (06) frá henni til norðvesturs er talsvert umfangsmikill stallur, grjóthlaðinn 05. Steypta platan er 11 x 6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún stendur allt að 0,3 m hærra en umhverfið. Á steyptu plötunni stendur enn járntankur, um 2 m í þvermál og ríflega 2 m á hæð. Líklega hefur tankurinn verið vatnstankur, a.m.k. samkvæmt Guðbjörgu Guðmundsdóttur heimildamanni. Fast norðvestan við hann er svo hlaðið mannvirki sem er nú hrunið að nokkru en virðist hafa verið einhvers konar upphlaðinn stallur. Mannvirkið er 7 x 4,5 m að stærð en um 1,4 m á hæð og gæti verið hlaðið sem undirhleðsla undir eitthvað eða prammi sem hægt var að keyra upp til að losa efni eða annað, en erfitt er að fullyrða nokkuð um það.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 19

NÞ-128:114 mannvirki braggagrunnur 689916 655531



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:114 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Braggagrunnur NÞ-128:114 . Á mynd til vinstri er horft til ANA en til SV á mynd til hægri

Einfaldur braggagrunnur er um 10 m vestan við veginn sem liggur að þorpinu Skálum og er grunnurinn sá nyrsti af þeim sem eru vestan vegar í braggahverfinu Camp Greely. Hann er tæplega 600 m VNV við grunn af ratsjármastri 105. Grunnurinn er á flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói.

Grunnur braggans er 14,5 x 8 m og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á honum á tveimur stöðum, annars vegar á miðjum suðurgafli en hins vegar norðan við miðja austurlanghlið. Innanmál braggans er 11,5 x 5 m. Innan hans er mikið af byggingarleifum s.s. járnbogar og timbur. Sérstaklega


umfangsmiklar leifar eru beint innan við inngangginn á austurhlið. Meðfram báðum langveggjum er timbursökkull er á sínum stað (in situ). Grunnur undan einhvers konar mannvirki eða innréttingu úr timbri er sunnarlega í tóftinni vestan við miðju. Timbrið er alveg jarðlægt og myndar L og vísar horn þess til norðurs. Grjóthleðsla er meðfram öllu húsinu að utan (mest 7 umför og 0,4 m á hæð) en upp að henni að innanverðu er fyllt með grófri mold, þá tekur við steypt plata og ofan á henni leifar timbursökkla með báðum langhliðum eins og áður er getið. Steypan í botni grunnsins er nú að mestu hulin byggingarleifum, mosa og jarðvegi. Hugsanlegt er að þró eða ræsi (sjá 138) hafi legið frá bragganum og til norðvesturs.



Braggagrunnur NÞ-128:114.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:115 mannvirki braggagrunnur 689945 655539




Staðsetning mannvirkis NÞ-128:115 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Braggagrunnur NÞ-128:115 . Á báðum myndum er horft til N

Einfaldur braggagrunnur með lítilli viðbyggingu er um 3-4 m austan við veginn sem liggur að þorpinu Skálum í gegnum braggahverfið Camp Greely. Hann er um 17 m austan við einfaldan bragga 114. Braggagrunnurinn er tæplega 600 m VNV við grunn af ratsjármastri 105. Grunnurinn er á flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói.


Grunnur braggans er rúmir 14 m að lengd norðaustur-suðvestur en tæplega 8 m á breidd. Op er á suðurgafli hans. Grunnur braggans er hlaðinn úr grjót og sjást grjóthleðslur vel að utan. Þar er hleðslan um 0,3-0,4 m há og í henni sjást 3-4 umför. Ofan á veggjum og innan í tóft er algróið mosa, lyngi og grasi. Timburstaur liggur fast vestan við tóftina en hann hefur verið lagður þangað eftir að notkun braggans var hætt (er ekki in situ). Litlar sem engar byggingaleifar eru í bragganum en nokkuð er um glerbrot þar. Útbygging virðist hafa verið við suðausturlanghlið braggans miðri. Þar sést þúst sem er 3 x 2 m stór og 0,3 m á hæð. Í henni miðri er dæld eða hola sem er 0,3 m í þvermál en 0,5 m á dýpt. Einhverjar timburleifar og einstaka grjót sjást í holunni. Ekki er vitað hvaða tilgangi bragginn þjónaði, né heldur mannvirkið suðaustan hans en útlit þess síðarnefnda gæti þó bent til að þar hafi verið kamar.



Braggagrunnur NÞ-128:115

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:116 mannvirki braggagrunnur 690031 655534



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:116 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Braggagrunnur NÞ-128:116. Á mynd til vinstri er horft til VNV en til A á mynd til hægri

Einfaldur braggagrunnur er tæpa 90 m austan við veginn sem liggur að þorpinu Skálum, vestan undir Tófuöxl í braggahverfinu Camp Greely. Hann er um 68 m suðaustan við þar sem staðið hafa fjórir sambyggðir braggar 117. Braggagrunnurinn er um 490 m VNV við grunn af ratsjármastri 105. Grunnurinn er á flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói.

Grunnur braggans er ívið stærri en margir af stöku bröggunum eða 20 x 9 m. Hann snýr norðaustur-suðvestur. Greinilegt op hefur verið á norðurgafli hans miðjum og annað mögulega á svipuðum stað á suðurgafli en það er þó óljósara og gæti hugsanlega aðeins verið yfirgróið hrun. Braggagrunnurinn er grjóthlaðinn og eru hleðslur mjög stæðilegar, sérstaklega að utan. Þar standa


þær í 0,6-0,7 m á hæð og sjást allt að 6 umför af flatri grjóthleðslu. Braggaböndum hefur verið hrúgað upp við austurvegg inni í tóftinni og þar er einnig talsvert af annars konar járnleifum. Ofan við braggagrunninn eru leifar af bárujárni sem eru að grotna í sundur. Botn tóftarinnar virðist einfaldlega vera mold þótt lyng og mosi sé nú byrjaður að gróa þar og á stöku stað séu þar byggingarleifar (timbur, járn og grjót). Fast norðaustan við braggann virðast ummerki um litla byggingu (sjá 127) og til vesturs og suðvesturs frá henni er óljós stígur. Sunnan við tóftina er annar stígur (sjá 128) og er sá hluti hans sem er næst bragganum hellulagður.



Braggagrunnur NÞ-128:116.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:117 mannvirki braggagrunnur 689984 655602



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:117 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Grunnur undan bragga NÞ-128:117 . Á mynd til vinstri er horft til NA en til S á mynd til hægri

Undir þessu númeri er skráðar byggingaleifar fjögurra skála í Camp Greely tæpum 20 m austan við bílveg sem liggur að þorpinu á Skálum. Þyrpingin er um 560 m VNV við grunn ratsjármasturs 105. Braggagrunnarnir eru á flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói.

Á þessum stað hafa staðið fjórir braggagrunnar í hnappi, tveir sambyggðir að NNV og tveir á móti þeim að SSA. Samtals eru grunnarnir 30 x 16,5 m að stærð og snýr svæðið norðvestur-suðaustur. Öll hólfin fjögur eru áþekk að stærð eða 10-10,5 x 3,5-4. Syðri braggarnir tveir (hér nefndir 01 og 02) hafa verið með dyrum á norðvesturgafli en nyrðri braggarnir (03 og 04) á suðausturgöflum. Vegleg grjóthleðsla markar ytri mörk bragganna og er hún meira en 1 m á hæð

sum staðar. Hleðslan er úr grjóti að neðan (allt að 10 umför) en sum staðar er allt að 30 cm torfhleðsla þar ofan á. Óverulegur hryggur markar milliveggi milli bragga. 01 og 02 en talsvert af grjóti (hæð 0,2-0,3 m) er í undirstöðu milli bragga 03 og 04, þótt ekki sé hægt að tala um eiginlega grjóthleðslu. Í sundinu á milli bragganna fjögurra er talsvert af byggingarefni (mest timbur) sem virðist hafa fallið eða verið rifið úr byggingunum á þessum stað. Á svæðinu er mikið af járnbogum/-bindingum úr bröggum og öðru járni ásamt timbri. Hólfin fjögur eru gróin að innan og undirstöður undan bröggunum eru sum staðar byrjaðar að hrynja fram. Í hólfi 03 eru steyptar stoðir greinilegar á tveimur stöðum upp við norðaustur- og suðvesturlangveggi en veggir eru þar talsvert hrundir inn.


Á milli braggagrunns 01 og 03 (sem voru til móts við hvorn annan) er talsverður hluti af timburþili sem fallið hefur úr annarri hvorri byggingunni. Í hólfi 04 fundust nokkrir gripir á yfirborði, m.a. flöskuleifar. Í hólfi 04 var stór timburstoð óhreyfð (in situ) í gólfjaðri að vestanverðu. Fast suðvestan við grunnana, nánar tiltekið fast norðvestan við sunnanverða tóftina, ofan við þar sem gengið er út úr sundinu milli bragganna, var tekinn prufuskurður, skurður 3 (trench 3).




Grunnur undan braggaþyrpingu NÞ-128:117.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:118 koladreif hlutverk óþekkt 690455 655299




Staðsetning mannvirkis NÞ-128:118 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Koladreif NÞ-128:118 . Á mynd til vinstri er horft til A en til V á mynd til hægri

Ratsjármastur Camp Greely stóð á Tófuöxl sunnanverðri um 500 m austan við aðalbraggahverfið í Camp Greely. Mastrið var nærri austurbrún holtsins, líklegast á hæsta punkti þess. Um 10 m suðvestan við undirstöður mastursins er greinileg og vel afmörkuð koladreif. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er í kringum koladreifina. Leifar af vegi, settum flötum hellum og mulningi liggur frá braggahverfinu vestar og að Ratsjármastrinu.

Koladreifin er ferhyrndur flekkur, 3,4 x 4,6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur.




Koladreifar NÞ-128:118, 119, 120, 121 og leið 154

Koladreifin er hálfgerður salli, nokkuð fínmulinn og mjög afgerandi. Ekki er ljóst hvað hann ber vitni um.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:119 mannvirki hlutverk óþekkt 690437 655309



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:119 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Ratsjármastur Camp Greely stóð á Tófuöxl sunnanverðri um 500 m austan við aðalbraggahverfið í Camp Greely. Mastrið var nærri austurbrún holtsins, líklegast á hæsta punkti þess. Tæpum 30 m vestan við mastrið er stór trjádrumbur sem hefur verið vandlega fergður með grjóti. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum.


Talsverð grjótdreif hefur verið lögð ofan á timbrið. Samtals er svæðið 4,3 x 1,2 m stórt. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi þetta var gert en sambærileg ummerki fundust nærri mannvirki 110, sjá 142.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Hleðsla yfir timburdrumb NÞ-128:119. Horft til NV

NÞ-128:120 mannvirki stög 690472 655336



Staðsetning þeirra mannvistarleifa sem saman voru skráðar undir númerinu NÞ-128:120 eru sýndar með gulum punktum. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Stög NÞ-128:120. Á mynd til vinstri er eitt af stögunum, horft til SA. Á mynd til hægri er horft niður og má óljóst sjá móta fyrir sumum af stögunum og koladreif í nágrenni grunnsins undan ratsjármastrinu.


Ratsjármastur Camp Greely stóð á Tófuöxl sunnanverðri um 500 m austan við aðalbraggahverfið í Camp Greely. Mastrið var nærri austurbrún holtsins, líklegast á hæsta punkti þess. Umhverfis mastrið eru grjóthrúgur á nokkrum stöðum og eru þær allar skráðar undir þessu númeri. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum.

Grjóthrúgurnar eru á 3-4 stöðum umhverfis ratsjármastrið í 17-25 m fjarlægð frá því. Sum staðar er aðeins um jarðlægar grjóthrúgur að ræða en suðaustan við mastrið er stæðileg hleðsla.

Mögulegt er að hrúgurnar séu merki um e.k. stög sem fest hafa ratsjármastrið niður en þá hafa þau vafalítið verið fleiri.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:121 mannvirki hlutverk óþekkt 690487 655294



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:121 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Ratsjármastur Camp Greely stóð á Tófuöxl sunnanverðri um 500 m austan við aðalbraggahverfið í Camp Greely. Mastrið var nærri austurbrún holtsins, líklegast á hæsta punkti þess. Um 23 m VSV við mastrið eru leifar af steinsteyptum steypustöpli sem er nú allur í molum. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum.




Steypustöpull NÞ-128:121 . Horft niður

Steypustöpullinn er um 1 m á kant og er nú orðinn að hálfgerðum salla í jarðveginum þótt útlínur hans sjáist vel. Ekki er vitað hvaða tilgangi hann gegndi en mögulegt að e.k. stög hafi verið fest í stöpullinn og hann þá mögulega verið gerður í sama tilgangi og grjóthleðslur 121.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:122 mannvirki braggagrunnur 690010 655393



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:122 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Braggagrunnur NÞ-128:122. Á mynd til hægri er horft til suðurs en til SSA á mynd til hægri

Einfaldur braggagrunnur er suðaustast í aðalbraggahverfinu í Camp Greely, fast upp við brekkurætur Tófuaxlar, á eins konar stalli í hlíðinni. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum fast vestan við er holt, Tófuöxl.

Stallurinn sem braggagrunnurinn er á er 15 x 9 m stór og snýr norðvestur-suðaustur og sjálfur braggagrunnurinn er 11 x 5 m að stærð og snýr eins. Svo virðist sem þarna hafi verið grafið út úr brekkunni til að útbúa hentugt byggingarsvæði fyrir braggann og er stallurinn um 1,5 m hærri en umhverfið (nema upp í brekkuna). Í botni braggans er mulningur, þ.e. fínmulið grjót og markar hann af braggastæðið en ekki er um greinilegar vegghleðslur að ræða eins og hjá flestum hinna

bragganna. Steyptar stoðir eru greinilegar meðfram suðvestur langvegg á fjórum stöðum. Braggabönd (bogabönd) liggja með jöfnu millibili (með um 2 m bili) eftir öllum grunninum og talsvert meira af slíkum bogum var neðan við braggastæðið. Talsvert af byggingarleifum eru víða í tóftinni og má þar m.a. sjá talsvert af járnnöglum, -skrúfum, -boltum o.s.frv. auk þess sem mikið af gleri (öruggsgleri með vírneti) er þar á víð og dreif.




Braggagrunnur NÞ-128:122 .

Upprúllaður strangi var einnig í tóftinni með gráum efnisleifum, sem líklega hefur verið notaður til að einangra braggabyggingar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:123 gryfja náma 690031 655379



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:123 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Náma NÞ-128:123 . Á mynd til vinstri er horft niður en til SA á mynd til hægri

Niðurgröftur, líklega efnisnáma, er í brún Tófuaxlar, fast sunnan við braggagrunn 122 og liggur vegarslóði 143 að ratsjárstöð 105 skammt sunnan við hana. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum fast vestan við er holt sem gryfjan er grafin inn í, Tófuöxl.

Náman er 9-10 m í þvermál en 2-3 m á dýpt. Þar hefur greinilega verið efnisnáma og hugsanlegt að á síðari stigum hafi þar verið mulningstæki en slíkt tæki var í för með þegar uppbygging hófst á Skálum 1942 og framleiddi grjótmulning í vegi og í botn sumra braggabygginganna. Náman er tekin inn í holt sem er lyngi- og mosavaxið og í hlíðum námunnar vex mold og grjót þótt gróður sé þar byrjaður að festa rætur. Náman er opin til suðvesturs.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Friðþór Eydal, 171



Náma NÞ-128:123 . Horft til ASA

NÞ-128:124 gryfja náma 690005 655409



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:124 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Náma NÞ-128:124 . Á mynd til vinstri er horft til A en niður á mynd til hægri


Niðurgröftur, líklega efnisnáma, er fast norðan við braggagrunn 122 í brún Tófuaxlar. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum fast vestan við er holt sem gryfjan er grafin inn í, Tófuöxl.

Náman er allt að 13 m á lengd (NNV-SSA) en styttri á breidd. Frá botni hennar og upp á brún eru 3-4 m. Botn hennar er að hluta til gróinn lyngi sem nær á köflum upp í barmanna en talsvert grjót og mold er í þeim bæði smærra grjót og stærra. Á norðausturbarmi gryfjunnar er

nokkuð greinilegt samsafn af smágrjóti. Þar hefur greinilega verið efnisnáma og hugsanlegt að á síðari stigum hafi þar verið mulningstæki en slíkt tæki var í för með þegar uppbygging **Hættumat:** hætta, vegna rofs

Heimildir: Friðþór Eydal, 171

NÞ-128:125 gata leið 689966 655445



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:125 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:125 . Á mynd til vinstri er horft niður en til A á mynd til hægri

"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Vegspotti virðist hafa legið upp að byssustæði 113 úr vestri. Liggur frá núverandi akvegi að þorpinu í Skálum og í 25 m að sundinu milli skálaparanna tveggja. Áður hefur vegurinn líklega legið frá mannvirkjum 113 en þar má áætla að hafi verið samkomustaður hermanna. Engin ummerki sjást hins vegar um veginn vestan við núverandi akveg og að 113. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói.


Vegurinn er blásinn í miðjunni en er þó nokkuð afgerandi og hefur verið upphlaðinn. Hann

er sem fyrr segir 25 m langur en um 2 m á breidd og 0,1-0,2 m hærri en umhverfið. Moldarflag er í miðju hans en kantar eru grónir lyngi og mosa.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:126 tóft hlutverk óþekkt 689993 655426



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:126 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Hleðsla undan litlu húsi NÞ-128:126 . Á mynd til vinstri er horft til S en niður á mynd til hægri Uppmæling: sjá minjastað 112.


Stök, lítil tóft eða húsagrunnur er 2-3 m sunnan við braggasamstæðu fjögurra bragga 112 og eru aðeins 2-3 m frá bragga og suður að tóft. Grunnurinn er við suðausturhorn braggans en 25 m austan við akveg sem liggur að Skálaþorpinu. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói.

Grunnurinn er ferkantaður og um 4,5 m á kant, blásin niður í grjót. Tóftin er mjög greinileg á alla kanta, veggir eru hlaðnir úr fremur flötu og stóru grjóti, víðast hvar er tvöföld steinaröð (1-2

umför) en nokkuð úr lagi gengin. Dyr eru ekki greinilegar. Innan tóftar liggur svert járnrör, brotið, og gæti það verið reykrör og því hugsanlegt að ofn gæti hafa verið í húsinu og mögulegt að þar hafi verið gufubað þótt raunar sé það e.t.v. í minna lagi fyrir slíkt (aðeins rúmlega 3 m á kant að innanmáli). Innan tóftarinnar er nokkuð rof. Milli norðausturhorns tóftar og suðausturhorns bragga er mölbrotinn steypuhrúga 126_02. Hún er um 0,5 m í þvermál og er úr mjög ljósri (nær hvítri) steypu en gætu hafa verið viðarhliðar innaní, nú fallnar og fúnar. Hugsanlegt er að þarna hafi verið farg til að halda einhverju niðri?

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:127	tóft	húsgrunnur	690037	655542



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:127 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Hleðsla undan litlu húsi NÞ-128:127. Á mynd til vinstri er horft til NNV en til ASA á mynd til hægri
Uppmæling: sjá minjastað 116


Einfaldur braggagrunnur 116 er tæpa 90 m austan við veginn sem liggur að þorpinu Skálum, vestan undir Tófuöxl í braggahverfinu Camp Greely. Fast NNA við braggann er grunnur af litlu húsi/mannvirki. Það er um 70 m suðaustan við þar sem staðið hafa fjórir sambyggðir braggar 117 en um 490 m VNV við grunn af ratsjármastri 105. Mannvirkið er á flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói.

Greinilegt er að húsið hefur verið ríflega 4,5 m á kant, þó e.t.v. örlítið lengra NNA-SSV og snýr því eins og bragginn sunnan við. Austur- og norðurhliðar eru vel greinilegar og sömuleiðis

norðurhluti vesturhliðar en að sunnanverðu eru veggir nú ógreinilegir. Þar sem vegg-undirstöður standa hvað best eru þær 0,2 m á hæð og sjást þar 2-3 umför af grjóthleðslu. Um 1-1,5 m norðvestan við mannvirkið er talsverð grjóthrúga og er greinilegt að grjótið hefur verið tínt saman á þessum stað, líklega úr annað hvort 127 eða braggagrunni 116. Hrúgan er 4 x 1.6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er 0,2 m á hæð og í henni eru flatir steinar líkt og í braggagrunninum og í grunninum undan 127.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:128 gata leið 690017 655524



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:128 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Stígur NÞ-128:128. Á loftmynd til vinstri sést lítið sem ekkert móta fyrir stígnum sem lá frá suðurgafli skála til hægri á mynd og niður brekkuna að þvervegi sem sæmilega má sjá móta fyrir á myndinni. Á mynd til vinstri sést móta fyrir stígnum undir gróðurhulunni. Á mynd til vinstri er horft til A en til V á mynd til hægri

"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Hellulagður stígur liggur frá suðvesturhorni bragga 116 og til vesturs. Stígurinn hefur legið í áttina að bragga 115 en ekki er hægt að rekja hann alla


leið. Stígurinn liggur á stuttum kafla, um flatlendi, allt umhverfis er grýttur mói.

Stígurinn er merkjanlegur í lyngbreiðunni fast (0,7 m) við suðvesturhorn bragga 116 og er mögulegt að hann hafi legið að inngangi á braggann sem kann að hafa verið á suðurgafli en er nú óskýr. Út frá suðvesturhorni má rekja hellulagðan stíg á um 14 m kafla og er hann þar 0,7-1 m á breidd. Talsvert af gróðri er nú yfir stígnum og hann rétt svo merkjanlegur. Í botn stígsins hafa verið lagðar flatar hellur á þessum kafla, þó ekki sérstaklega stórar. Við enda kaflans sem er hellulagður eru hálfgerð þrep en dæld er í framhaldi af þeim og verður gatan þar óskýr. Á loftmynd má sjá að hún hefur legið áfram. Á henni má sjá að hún er samtals 55 m löng en verður ógreinileg skammt vestan við bragga 115.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:129	gryfja	náma	689994	655647



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:129 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Náma NÞ-128:129. Á ljósmynd til vinstri er horft til SSA en á hægri mynd til NNA.
Uppmæling: sjá minjastað 117.

Greinileg gryfja er upp undir vesturbrún Tófuaxlar, ríflega 30 m NNA við fjóra sambyggða braggagrunna 117 en 50 m austan við veginn sem liggur að þorpinu á Skálum. Vestan við er flatlendi og grýttur mói, gryfjan er í jaðri grýtts holts þar sem er talsvert flag en gróðurhula á köflum.

Gryfjan er 9 x 6 m stór og snýr NNV-SSA. Hún er nokkuð samansigin en er um 2 m á dýpt og sporöskjulaga. Botn hennar er fremur flatur og mosavaxinn en flatar grjóthellur er víða í börmum gryfjunnar en annars er þar víða moldarflag. Líklega hefur verið efnisnáma á þessum stað.
Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:130 hleðsla símalína 690013 655563



Staðsetning símastaura NÞ-128:130 sýnd með gulum punktum. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Steinhleðsla í kringum símastaur og leifar af einum stauranna NÞ-128:130. Á myndunum er horft niður.


Leifar línulagnar, þ.e. staurar sem líklega hafa verið fyrir símalínu sjást á milli bragganna í Camp Greely. Þeir staurar sem fundust við skráninguna voru á milli þeirra bragga sem voru austarlega á aðal braggasvæðinu, nærri Tófuöxl eða á milli bragga 112, 116, 117 og 122. Samtals var skráð staðsetning fimm staura á þessu svæði. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói.

Stauraröðin er um 200 m löng og fundust 5 staurar á henni en auk þess hefur línan verið leidd í þá bragga sem voru á leiðinni. Nyrsti staurinn (staur 1) er um 10 m sunnan við braggagrunn 117 (þar sem fjórir sambyggðir grunnar eru). Tæpum 30 m SSA og tæpum 30 m NNV við einfaldan braggagrunn 116 er annar staur (staur 2). Staur 3 er rúmum 50 m sunnan við staur 2 en 12 m sunnan við suðugafl braggagrunns 116 og staur 4 er um 30 m SSV við hann og 25 m NNA við braggagrunn

112. Fimmti staurinn var svo rúmum 30 m SSA við braggagrunn 112 en tæplega 90 m sunnan við staur 4. Allir staurarnir eru digrir timburstarar sem liggja nú á jörðinni. Greinilegt er að grjóti hefur verið hlaðið upp að þeim, a.m.k. í einhverjum tilfellum. Krókar sem hafa verið efst á staurunum (og postulínsklukkurnar verið festar á) sjást í einhverjum tilfellum.

Hættumat: engin hætta

NÞ-128:131 tóft skotbyrgi? 689982 655699



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:131 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Byrgi NÞ-128:131 . Á mynd til vinstri er horft til V en til SV á mynd til hægri

Fjögur skotbyrgi eru í röð á vesturbrún Tófuaxlar norðan við braggahverfið Camp Greely, fast ofan við nyrstu mannvirkin í hverfinu vestan við. Byrgið er um 75 m norðan við nyrstu braggaþyrpinguna 117 en tæpum 60 m austan við veginn sem liggur að þorpinu á Skálum. Byrgin eru byggð utan í vesturbrún hæðar sem er grýtt en mosavaxin á köflum. Frá svæðinu er gott útsýni til vesturs, suðurs og suðvesturs.


Það byrgi sem hér er skráð er það nyrsta af fjórum sem eru með stuttu millibili í vestanverðri Tófuöxl. Byrgið er tæplega 3,5 m í þvermál og er dæld í því miðju (aðeins ríflega 1 m í þvermál, þó ívið lengra austur-vestur). Byrgið virðist byggt ofan í smádæld sem líklega hefur verið gert í brúnina fyrir byrgið. Það er gert úr fremur stórum, flötum hellum en botn þess er vaxinn grasi og lyngi. Hleðslur eru mest 0,4 m innanfrá en byrgið er jarðlægt að utanverðu (rís ekki hærra en umhverfið). Víða sjást 5-6 umför af hleðslu. Engin inngangur er greinilegur á mannvirkið. Stór, jarðfastur steinn er fast við vesturhlið byrgisins að utanverðu. Byrgið er að öllu leyti minna um sig en byrgi 132 sem er um 10 m sunnar.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Minjar NÞ-128:129, 132-134 og 137

NÞ-128:132	tóft	skotbyrgi	689988	655690



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:132 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Byrgi NÞ-128:132. Á myndunum er horft til SV.
Uppmæling: sjá minjastað 131.

Fjögur skotbyrgi eru í röð á vesturbrún Tófuaxlar norðan við braggahverfið Camp Greely, fast ofan við nyrstu mannvirkin í hverfinu vestan við. Byrgið sem hér er skráð er um 10 m sunnan við nyrsta byrgið 131. Það er um 65 m norðan við nyrstu braggaþyrpinguna 117 en tæpum 60 m austan við veginn sem liggur að þorpinu á Skálum. Byrgin eru byggð utan í vesturbrún hæðar sem er grýtt en mosavaxin á köflum. Frá svæðinu er gott útsýni til vesturs, suðurs og suðvesturs.

Það byrgi sem hér er skráð er það nærst nyrsta af fjórum sem eru með stuttu millibili í vestanverðri Tófuöxl. Byrgið er mun stærra og voldugra en byrgi 131 eða 3,8 x 3,2 m að stærð og snýr austur-vestur. Hleðslan er úr stóru hellugrjóti, allt að 0,8 m á hæð innanfrá en jarðlæg að utan. Hún er um 1 m á breidd og er byrgið 2 x 1,2 m að innanmáli. Efstu steinaraðirnar ná aðeins inn fyrir brún byrgisins og mynda því skjól og auðvelt hefur verið að breiða yfir það segl eða annað efni til að halda úti sudda og bleyti að mestu. Ljóst er að liggjandi maður hefði ekki séð út úr byrginu. Byrgið hefur verið byggt ofan í dæld sem líklega hefur verið grafin út úr brekkubrúninni. Botn tóftarinnar er gróinn. Talsvert af grjóti er neðanundir byrginu en ekki er lengur nokkurt lag að sjá á því.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:133 þúst hlutverk óþekkt 690015 655726



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:133 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Hleðsla NÞ-128:133. Á mynd til vinstri er horft til N en til SSV á mynd til hægri. Uppmæling: sjá minjastað 131.

Um 40 m norðaustan við byrgi 131 er mikil grjóthrúga upp við stórann, jarðfastan stein. Greinilegt er að þarna hefur verið dregið saman grjót, nokkuð stórar hraunhellur. Hrúgan er um 110 m norðan við nyrstu braggaþyrpinguna í Camp Greely, 117, á Tófuöxl. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói, þó víða gróinn mosa.

Grjóthrúgan er austan undir stórum, jarðföstum steini. Þar hafa verið staflað upp 5 umförum af grjóti. Grjótstaflinn er 1,8 x 1,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Staflinn/hleðslan er 0,3-0,4 m á hæð. Ekki er vitað í hvaða tilgangi grjót var borið saman á þessum stað en líklegast að það hafi verið ætlað sem byggingarefni í mannvirki í Camp Greely.


Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:134 tóft skotbyrgi 690007 655659



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:134 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Fjögur skotbyrgi eru í röð á vesturbrún Tófuaxlar norðan við braggahverfið Camp Greely, fast ofan við nyrstu mannvirkin í hverfinu vestan við. Byrgið sem hér er skráð er syðsta byrgið. Það er tæpum 50 m norðaustan við nyrstu braggaþyrpinguna 117 en tæpum 70 m austan við veginn sem liggur að þorpinu á Skálum.Byrgin eru byggð utan í vesturbrún hæðar sem er grýtt en mosavaxin á köflum. Frá svæðinu er gott útsýni til vesturs, suðurs og suðvesturs.




Hringlaga hleðsla NÞ-128:134. Horft til SV. Uppmæling: sjá minjastað 131.

Byrgið sem hér er skráð er óverulegt miðað við önnur byrgi í brúninni. Það er 3-4 m í þvermál og samanstendur af bogadreginni hleðslu vestan við dæld og meðfram henni að vestanverðu. Hleðslan er óvönduð. Dældin er um 1 m í þvermál að innanverðu. Hleðsluhæð mest 0,4 m. Botn byrgisins og austurhluti þess er vaxinn lyngi og grasi.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:135 varða hlutverk óþekkt 690074 655567



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:135 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Varða NÞ-128:135. Á mynd til vinstri er horft til SA en til V á mynd til hægri


Varða er hlaðin á vesturbrún Tófuaxlar, ofan við Camp Greely og tæpum 50 m norðaustan við braggagrunn 116. Varðan er nærri vesturbrún hæðar sem er grýtt en mosavaxin á köflum. Frá svæðinu er gott útsýni til vesturs, suðurs og suðvesturs.

Varðan er all sérkennileg í lögun þar sem hún er nærri því að geta talist mjókka niður . Hún er hlaðin úr flötum hellum og er 0,8 m á hæð en í henni sjást um 12 umför. Varðan er aðeins lengri

norður-suður en austurvestur eða 1,2 í stað 1 m. Varðan er hlaðin á flatan stein. Líklegast er að varðan hafi verið hlaðin í tengslum við hersetuna í Camp Greely.

Hættumat: hætta, vegna rofs


NÞ-128:136 gryfja náma 690046 655427



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:136 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

Gryfja sem virðist hafa verið e.k. efnisnáma er ofan í Tófuöxl, um 45 m austan við vesturbrún holtsins. Gryfjan er um 45 m austan við fjóra sambyggða braggagrunna 112. Varðan er nærri vesturbrún hæðar sem er grýtt en mosavaxin á köflum.

Gryfjan er 5,7 x 2,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,6 m á dýpt og ofan í henni grær mosi og lyng þrátt fyrir að víða glitti í moldarrof. Ofan í gryfjunni er mikið af járni og timbri, m.a. götuð járnbretti sem herinn nefndi Marston Mats og voru mest notaðar til að útbúa á fljótlegan hátt lendingarsvæði fyrir flugvélar en hafa án efa einnig verið nýttar til að auðvelda yfirferð akandi farartækja yfir torfærur.




Gryfja NÞ-128:136. Horft til SA

Hættumat: hætta, vegna rofs,

Heimildir: https://en.wikipedia.org/wiki/Marston_Mat

NÞ-128:137	tóft	skotbyrgi	689997	655671



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:137 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Byrgi NÞ-128:137. Á mynd til vinstri er horft til NA en til SV á mynd til hægri
Uppmæling sjá minjastað 131.

Fjögur skotbyrgi eru í röð á vesturbrún Tófuaxlar norðan við braggahverfið Camp Greely, fast ofan við nyrstu mannvirkin í hverfinu vestan við. Byrgið sem hér er skráð er næst syðsta byrgið. Það er um 12 m norðvestan við syðsta byrgið 134. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói, þó víða gróinn mosa.

Byrgið er 4,5 x 3,6 m að stærð og snýr NNA-SSV. Það er vel hlaðið en fremur stórkarlalegt úr stórum, flötum hraunhellum. Byrgið er 0,9 m á dýpt að innan en jarðlægt að utan. Innanmál byrgisins er 1,2 x 1 m (austur-vestur) og botn þess er vaxinn grasi. Engar dyr virðast á mannvirkinu og virðist sem það hafi þurft að klofa ofan í það. Nokkuð stórar grjóthellur liggja skáhalt upp að austurvegg byrgisins og gætu þær hafa runnið efst úr hleðslunni eða verið settar þar sem stuðningur við bak varðmanns. Hugsanlega hefur renna legið frá byrginu og til vesturs, niður brekkuna en þar er mikið af grjóti ofan í dæld og má gera ráð fyrir að hlutverk hennar hafi verið að veita vatni í burtu af svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:138 mannvirki þró 689893 655539



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:138 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Gryfja og járnrör skráð undir númerinu NÞ-128:138 . Á mynd til vinstri er horft til SV en til V á mynd til hægri




Gryfjur NÞ-128:138 og 139. Á ljósmynd er horft til SV

Norðvestan við braggagrunn 114 er niðurgrafin þró. Hugsanlegt er að ræsi hafi legið frá byggingunni að þrónni. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Um 2 m vestan við braggavegg 114 er niðurgrafin, kassalaga, lítil þró sem er um 50 x 40 cm að stærð norðvestur-suðaustur. Þróin er fóðruð að innan með timbri og frá henni liggur um 8 m langt járnrör til VNV, að niðurgrafinni gryfju (mögulega skólpholu). Ræsið sést ekki á leiðinni en hægt er að rekja það þar sem dæld er í jarðveginum en í henni er talsvert grjót. Önnur hugsanleg dæld eða ræsi er samsíða um 5 m norðaustan við ræsið. Þau ummerki eru þó mun ógreinilegri. Pytturinn sem ræsið liggur út í er allt að 1,3 m djúpur, gróinn að innanverðu en nokkur grjótdreif er þó í börmum hans á nokkrum stöðum. Ekki er ljóst í hvaða tilgangi allar þessar framkvæmdir voru gerðar en mögulegt að þarna hafi verið salernisaðstaða af betra taginu.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:139 gryfja hlutverk óþekkt 689910 655567



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:139 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Gryfja NÞ-128:139 Á mynd til vinstri er horft niður en til NV á mynd til hægri

Um 30 m norðan við bragga 114 er stök gryfja eða pyttur. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Gryfjan er 4 x 1-2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gryfjan er svolítið óregluleg og 1,5 m á dýpt. Ekki virðist líklegt að efnisnáma hafi verið á þessum stað en ekki er ljóst hvaða hlutverki hún kann að hafa gengt. Grjót er í börmum gryfjunnar. Ekkert í nánasta umhverfi hennar varpar ljósi á mögulegt hlutverk.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:140 hleðsla brennsluofn 689900 655446



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:140 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Brennsluofn NÞ-128:140 . Á mynd til vinstri er horft til SSV en til S á mynd til hægri



Brennsluofn NÞ-128:140 . Á mynd til vinstri er horft til N en til S á mynd til hægri

Mannvirki er um 20 m vestan við stóra braggasamstæðu 113 í Camp Greely og hefur það líklega verið brennsluofn hersins. Mynd af honum er að finna í Árbók Ferðafélagsins og er hann þar sagður "herskálaofn". Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Mannvirkið er lítið og er um 2,5 x 2 m að stærð og snýr norður-suður. Það er hlaðið á þrjá vegu en opið til norðurs. Tilhöggvið grjót er í mannvirkinu og það er alveg slétt að innanverðu. Hleðslan er límd með steinlími og hefur einnig verið múrað ofan á steinlögnina að innan til að fá sléttan flöt. Að utanverðu er hleðslan hins vegar ójöfn. Hæð mannvirkisins er 1,2-1,4 m en þó hefur víða hrunið nokkuð úr því. Að innanverðu eru steinarnir rauðir (líklega vegna hita) að ofanverðu. Botn mannvirkisins er gróinn en þvert yfir húsið (austur-vestur) hafa legið 14 járnrör, 10-20 cm ofan við botn tóftar (en um 3 cm eru á milli röra). Umrædd járnrör liggja í gegnum grjóthleðsluna í veggjunum og opnast út.Tvö af rörunum eru heil. Stærri járnbiti liggur einnig þvert yfir tóftina. Líklegast hefur rusl verið brennt á þessum stað þótt þess sjáist nú engin merki.




Uppmæling á ofni 140, og gryfjum 141 og 145

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Árbók Ferðafélagsins 2013, 172

NÞ-128:141	gryfja	hlutverk óþekkt	689902	655453



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:141 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Gryfja NÞ-128:141 og 145. Á mynd til vinstri er horft til SV en til N á mynd til hægri

Gryfja er 5-6 NNA við "ofn" 140 en tæpum 20 m VSV við braggasamstæðu 113. Greinilegt er að vegur 144 hefur legið að þessu svæði (endar milli gryfju og ofns). Gryfjan er rúmum 40 m vestan við veginn sem liggur í gegnum kampinn og að þorpinu á Skálum. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Lítil gryfja eða ferkantaður niðurgröftur er norðan við "ofn" 140. Hún er 1,1 x 0,5 m að stærð og snýr norður-suður og er um 0,3 m á dýpt. Gryfjan er með sléttum botni og bæði botn hennar og hliðar eru grasi grónar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:142 mannvirki hlutverk óþekkt 690437 655263



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:142 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Hleðsla yfir trjádrumb NÞ-128:142. Á mynd til vinstri er horft til N en til V á mynd til hægri


Stór braggagrunnur 110 er suðaustan í Tófuöxl, um 42 m suðvestan við grunn ratsjármasturs 105, fast vestan við vegslóða sem liggur frá aðalveginum að mastrinu og til suðurs og um 470 m frá aðal braggahverfinu í Camp Greely. Fast ASA við grunninn er stór timburdrumbur sem hefur verið fergður með grjóti. Braggagrunnurinn er í kvos og skýlir brekkan að norðan og norðvestan. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum.

Um stóran timburdrumb, líklega rekavið, er að ræða sem er fast ASA við braggaleifarnar. Yfir hann hefur verið hlaðið mikið af mjög stóru grjóti. Báðir endar drumbsins eru sagaðir. Svipuð ummerki fundust á öðrum stað um 45 m norðar, sjá 119. Ekki er ljóst hverju þessu umbúnaður


sætir, líklega hefur drumburinn staðið upp á endann á stríðsárunum og líklegast verið stakstæður (ekki aðrir staurar á saman stað). Ekki er hins vegar ljóst hvaða hlutverki hann hefur þjónað eða hvers vegna hann var falinn svo vel sem raun ber vitni eftir að hann var tekinn niður.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:143 gata leið 690100 655377



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:143 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Eldri vegur að ratsjárstöð NÞ-128:101 . Á loftmyndinni til hægri sést óljóst móta fyrir veginum handan við veginn sem mest er áberandi um miðja mynd. Á mynd til vinstri er horft til V en til S á mynd til hægri

Vegur var á milli aðal íbúðarhverfisins í Camp Greely og ratsjárstöðvar. Greinilegt er að upphaflega hefur verið gerður hlykkjóttur vegur að ratsjárstöðinni (sá sem hér er skráður) en síðar var uppbyggður vegur gerður, þráðbeinn en á svipuðum slóðum (sjá 153).


Braggagrunnurinn er í kvos og skýlir brekkan að norðan og norðvestan. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum. Hér er skráð eldri vegur sem er um 500 m langur. Hann hær frá núverandi malarvegi að þorpinu á Skálum þar sem hann sveigir til SSV. Vegurinn liggur í sveigum og er ýmist norðan eða sunnan við þann veg sem síðar var gerður að

ratsjárstöðinni 153. Vegurinn er víða um 5 m á breidd og hann er misgreinilegur á Tófuöxl en þó má samanlagt rekja hann á jörðu niðri og af loftmyndum alla leið að ratsjárstöðinni. Hugsanlegt er að umræddur vegur hafi aðallega verið notaður á meðan uppbyggði vegurinn 153 var í byggingu, a.m.k. er hann vart meira en far eftir faratæki þótt vel megi vera að hann hafi verið ruddur eitthvað upphaflega.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47 og 317

NÞ-128:144 vegur leið 689902 655468



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:144 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:144 . Á mynd til vinstri er horft niður en til S á mynd til hægri

"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Greinilegur akvegur liggur í námunda við braggaþyrpingu 113 sem var einhvers konar samkomustaður. Slóðinn er fyrst merkjanlegur þar sem hann kemur undan núverandi malarvegi að Skálum, fast austan við braggann. Hann liggur meðfram norðausturhorni braggans og norðurgafli hans og áfram í um 30 m til vesturs áður en hann beygir


aftur og liggur í um 18 m til suðurs og endar þar hjá ofni 140 og gryfju 142. Braggagrunnurinn er í kvos og skýlir brekkan að norðan og norðvestan. Umhverfis er hrjóstrugur og grýttur mói en nokkuð mosagróið er á köflum.

Vegurinn er samtals um 100 m langur en ekki er ljóst hvar hann hefur áður endað til suðausturs þar sem hann hverfur undir núverandi malarveg. Vegurinn er allt að 6-7 m breiður. Vegurinn er nokkuð vandaður og hefur mulningsgrjót verið notað til að gera yfirborð hans jafnt og þægilegt til að keyra eftir. Líklega hafa stærri faratæki ekið eftir honum, mögulega til og frá sorpbrennslu 140. Ekki er ólíklegt að gert hafi verið við veginn á einhverjum tímapunkti og legu hans breytt/hann lengdur en um það virðist sjá nokkur merki.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:145 gryfja hlutverk óþekkt 689904 655439



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:145 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Gryfja NÞ-128:145 . Horft til S. Uppmæling: sjá minjastað 140.

Gryfja er rúmum 3 m SSA við "ofn" 140 en tæpum 20 m VSV við braggasamstæðu 113. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Gryfjan er um 3 m í þvermál efst en þrengist niður á við. Hún er allt að 1,7 m á dýpt. Hún er algróin. Ekki er ljóst hver tilgangur hennar hefur verið en timbur virðist undir sverði í botninum. Ekki sjást augljós ummerki um að ræsi hafi legið ofan í gryfjuna.

Hættumat: hætta, vegna rofs

NÞ-128:146 gata leið 689970 655391



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:146 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegspottinn NÞ-128:146 frá braggagrunni NÞ-128:111 og að núverandi vegi er merktur með rauðum lit. Á mynd til vinstri er horft til S en til A á mynd til hægri

"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Óljós ummerki má sjá um að slóði hafi legið til norðausturs frá inngangi að braggaþyrpingu 111. Vegurinn að þorpinu á Skálum liggur fast austan


við braggaþyrpinguna og hverfur umrædd gata undir hann. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu. Malarslóði liggur fast austan við braggann.

Slóðinn er nokkuð breiður, um 2 m á breidd og gæti hafa verið fyrir farartæki en sá bútur sem sést er einfaldlega of stuttur til að hægt sé að fullyrða um það. Ekki sjást ummerki um götu út frá suðurenda ganganna sem liggja á milli braggapara í þyrpingu 111 jafnvel þó að könnunarskurður á þeim stað hafi sýnt þjappað yfirborðslag sem líklega er tilkomið vegna samþjöppunar jarðvegs þar sem gengið var.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:147 vegur leið 689974 655542



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:147 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:148 merktur með rauðu á loftmynd til vinstri. Á mynd til vinstri er horft til SSV en til S á mynd til hægri


"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Nokkuð greinilegur vegur liggur frá inngangi að braggaþyrpingu 117 og til suðurs. Vegurinn stefnir á stóra braggasamstæðu 113 sem líklega var samkomustaður. Hann hverfur hins vegar örfáum metrum áður en komið er að bragganum, í núverandi veg að skálum. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Vegurinn er um 120 m langur en allt að 5 m á breidd. Hann hefur verið fær akandi farartækjum og hefur líklega legið á milli braggasamstæðu 117 og 113.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:148 vegur leið 689948 655565



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:148 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:148. Á mynd til vinstri er horft til NNA en til N á mynd til hægri.


"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Greinilegur vegur liggur fá sundi/inngangi á braggaþyrpingu 117 og til suðvesturs í átt að bragga 114 og mögulega áfram til suðurs að bragga 113 sem líklega hefur verið samkomustaður. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Vegurinn er nokkuð beinn og liggur til suðvesturs frá sundinu þar sem gengið var inn í

braggaþyrpingu 117. Vegurinn er um 60 m langur en hverfur þar sem malarvegurinn liggur nú um svæðið og að þorpinu að Skálum. Vegurinn er 4-5 m á breiður og líklega hefur hann verið notaðar fyrir faratæki en ekki bara gangandi umferð. Hann er þráðbeinn og svolítið uppbyggður.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:149 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Línuleg ummerki NÞ-128:149 merkt með rauðu á loftmynd. Á mynd til vinstri er horft til SSV en til N á mynd til hægri

Þráðbein lína er í gegnum Camp Greely ASA-VNV nálega þvert yfir aðal braggahverfið. Hún er merkjanleg frá vegi 157 sem liggur á milli braggagrunna 114 og 113 (samkomustað). Línan er þráðbein og er skýrust á jörðu niðri milli umrædds vegar og núverandi malarvegar að Skálum (á um 20 m kafla) en á loftmyndum má áfram greina hana á flatanum, upp brekkuna og á Tófuöxl, samtals á um 140-150 m kafla. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.


Vestasti hlutinn virðist helst vera gata/göngustígur en hann er nú að mestu hulinn gróðri.

Svo virðist sem þarna sé rudd braut, um 2 m á breidd. Hún liggur einkennilega í landinu ef um göngustíg væri að ræða en ekki er hægt að sjá hvaða öðrum tilgangi hún ætti að hafa þjónað. Mögulegt er að þessi leið hafi verið farin að Ratsjárstöð þegar farið var fótgangandi og þá komið inn á götur 143/153 á Tófuöxl.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:150 vegur leið 690003 655549



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:150 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:150 Á mynd til vinstri er vegurinn merktur með rauðum lit. Á mynd til vinstri er horft til SSV en til NA á mynd til hægri


"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Vegur, líklega akfær, hefur legið til NNA frá vegi 147 en sá síðarnefndi hefur legið á milli braggaþyrpingar 117 og 113. Vegurinn endar skammt neðan við þar sem land hækkar (Tófuöxl) ofan við bragga 126 en annar slóði 151 er samsíða honum sunnar og liggur beint að sama bragga. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Hægt var að greina veginn á um 80 m löngum kafla. Hann er aðeins merkjanlegur sem samsíða hjólför og er um 5 m breiður. Þar sem slóðinn endar til norðausturs er nokkur flati og er mögulegt að þar hafi verið hægt að leggja farartækjum, nærri bragga 126.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:151 vegur leið 689994 655520



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:151 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:151. Á mynd til vinstri er vegurinn merktur með rauðri línu en á mynd til hægri sjást síðustu metrarnir að braggagrunni NÞ128:116). Á mynd til vinstri er horft til SA en til NNA á mynd til hægri


"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Gata eða vegur liggur frá norðurgafli bragga 116 og til suðurs að mögulegri götu 149 sem liggur þvert á brekkuna. Ekki er hægt að sjá slóða sunnan við umrædda götu. Samsíða götunni á kafla vestar er önnur gata 147. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Svo virðist sem slóðinn hafi verið akfær. Hann er merkjanlegur á um 100 m kafla og óvíst að hann hafi nokkru sinni verið lengri. Hann er um 5 m breiður.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:152 vegur leið 689869 655462



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:152 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:152 . Á mynd til vinstri er horft til SSA en til V á mynd til hægri


"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Greinilegur slóði liggur til vesturs og norðvesturs frá slóða 144 sem er við braggaþyrpingu/samkomuhús 113 og að Bjarnavatni. Umhverfis er grýttur móí með mosaþembu.

Vegurinn er akfær slóði um 700 m langur en um 5 m breiður. Hann er misgreinilegur, sum staðar vart meira en hjólafar.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:153 vegur leið 690173 655372



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:153 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:153. Á mynd til vinstri er horft til V en til NV á mynd til hægri

"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu og á öðrum stað í sömu bók segir: "Í ágúst unnu hermennirnir við að leggja veginn áfram upp á Mella sem er hæðardrag um einn kílómetra ofan við Skálabyggðina," Vegur liggur frá braggahverfinu í Camp Greely og til austurs að ratsjárstöð. Svo virðist sem fyrst hafi verið gerður óvandaður og hlykkjóttur vegur (sjá 143) að stöðinni en síðar


hafi verið farið í umfangsmeiri vegavinnu og þá gerður vanaður og þráðbeinn vegur að ratsjárstöðinni og er það sá vegur sem er skráður undir þessu númeri. Vegurinn liggur í sveig til norðurs og austurs upp brekkuna við Tófuöxl en liggur nærri því þrábeint frá því komið er upp á hæðina til ASA að ratsjárstöð. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Vegurinn er samtals um 530 m langur og er víða um 5 m breiður. Hann er enn akfær þótt hann sé grýttur á köflum. Greinilegt er að talsvert af grjótmulningi hefur verið notað til að bæta veginn. Hann er greinilegur alveg að ratsjárstöð og virðist nokkuð hafa verið notaður, a.m.k. eru hjólförin nokkuð sigin.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47 og 317

NÞ-128:154 gata leið 690456 655295



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:154 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Slóði NÞ-128:154. Á mynd til vinstri er horft til A en til V á mynd til hægri


"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Göngustígur virðist hafa verið á milli suðurhliðar ratsjármasturs 103 og norðurausturhliðar bragga 119 þar skammt suðvestan við. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Stígurinn er um 50 m langur en fremur óljós og innan við 1 m á breidd. Líklegt er að hann hafi verið farinn þegar þurfti að komast fótgangandi á milli mannvirkjanna.


Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:155 gata leið 690507 655373



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:155 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Götuslóði NÞ-128:155. Á mynd til vinstri er horft til NNA en til NA á mynd til hægri


"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Óljós slóði liggur frá Ratsjármastri 103 og til NNA að loftvarnarbyrgi 102. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Óljós stígur, líklega göngustígur, liggur á milli ratsjármasturs og að loftvarnarbyrgi 102. Stígurinn er um 70 m langur og 1-2 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:156 gata leið 690511 655449



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:156 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Óljós gata, líklega eftir gangandi umferð, virðist hafa legið frá loftvarnarbyrgi 102 og að gili þar skammt norðan við. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.




Slóði NÞ-128:156. Horft til V

Slóðinn sést um 30 m norðan við loftvarnarbyrgið og er merkjanlegur á um 30 m kafla yfir gilið. Hann er 1-2 m á breidd en ekki er ljóst hvert hann hefur legið.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:157 vegur leið 689915 655516



Staðsetning vegar NÞ-128:157 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:157. Á mynd til vinstri er horft til N en niður á mynd til hægri


"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu. Greinilegur vegur er á milli braggaþyrpingar 113 sem líklega var einhvers konar samkomustaður og einfalds bragga norðan við (114). Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Vegurinn er um 55 m langur og 4-5 m á breidd. Í honum er mulningur og greinilegt að hann var akfær. Ekki er ólíklegt að vegur 148 sem lá frá braggaþyrpingu 117 nyrst á svæðinu og að 114 hafi tengst þessum vegi. Vegurinn nær ekki alveg að bragga 113 heldur endar í vegi 144 sem er fast norðan hans.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:158 vegur leið 690443 655242



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:158 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Vegur NÞ-128:158. Á mynd til vinstri er horft til SSV en til A á mynd til hægri

"Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu og á öðrum stað í sömu bók segir: "Í ágúst unnu hermennirnir við að leggja veginn áfram upp á Mella sem er hæðardrag um einn kílómetra ofan við Skálabyggðina."Vegslóði liggur frá vegi 153 að ratsjármastri 103 og til suðurs og suðausturs. Vegurinn liggur frá vegi 153 og á milli grunns ratsjármasturs 103 og bragga sem er stutt suðvestar


153 og áfram til suðvesturs í átt að sjó og beygir þá til austurs og liggur með fram austurströndinni út úr landi Skála. Samkvæmt Guðbjörgu Guðmundsdóttur heimildamanni var vegurinn m.a. notaður til að aka rusli af svæðinu og að urðunarsvæði austar á nesinu en ekki er ljóst hvar umræddur staður var. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.

Vegurinn greinilegur akvegur og víðast merkjanlegur sem hjólaför í móann. Hann liggur eftir suðurströnd Langaness til austurs. Vegurinn er víða um 3 m að breidd.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Langnesingasaga II, 47

NÞ-128:159 þúst hlutverk óþekkt 689951 655525



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:159 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Ferhyrnt rof sem án efa tengist byggingarframkvæmdum hersins NÞ-128:159.
Á báðum myndum er horft niður

Ferhyrnt rof er vel greinilegt á loftmynd um 3 m austan við bragga 115 en um 8 m austan við bílvegginn sem liggur í gegnum skálahverfið og að Þorpinu á Skálum. Greinilegt er að þarna hefur rask átt sér stað en ummerkin eru of ógreinileg til að hægt sé að greina hvort þarna hefur staðið bygging eða e.t.v. aðeins verið tekið efni í byggingar. Umhverfis er grýttur mói með mosaþembu.


Ummerkin eru alveg regluleg og ferhyrnd, um 14 x 9 m að stærð og snýr NNA-SSV. Á þessum stað er gróðurhulan nær alveg horfin og er það aðallega rofið sem gefur til kynna að þarna hafi verið mannvirki eða efni tekið í mannvirki á svæðinu. Ummerkin eru nú frekar ógreinileg á jörðu niðri en sjást þeim mun betur á loftmynd. Stærðin er áþekki því að þarna gæti hafa staðið braggi en ef svo var er ekki ljóst hvers vegna hann væri þá alveg horfinn ólíkt flestum öllum öðrum bröggum á svæðinu sem stæðilegar minjar eru eftir um.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Ferhyrnt rof NÞ-128:159

NÞ-128:160 heimild um leið 689970 655333



Staðsetning mannvirkis NÞ-128:160 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf




Núverandi vegur frá braggahverfi og að þorpinu á Skálum er á sömu slóðum og eldri vegur NÞ-128:160. Horft til SSV

Samkvæmt heimildum gerðu bandarískir hermenn veg upp frá fjörunni á Skálum og upp í Camp Greely hverfið sem var rúmum 1 km ofar. Þeir gerðu einnig veg út á hæðina þar sem ratsjármastrið 105 var reist (sjá veg 143 og 153). "Hermennirnir gerður götur um braggahverfi og lögðu veg niður í þorp. Þeir hjuggu grjót og hellulögðu göturnar að hluta vegarins svo brautir þessar urðu sléttar og þægilegar yfirferðar. Sjást þar enn merki [...]," segir í Langnesingasögu og á öðrum stað í sömu bók segir: "Að því loknu byrjuðu hermennirnir að leggja veg upp úr fjörunni fyrir faratæki sem þeir áttu von á [...]. Í ágúst unnu hermennirnir við að leggja veginn áfram upp á Mela sem er hæðardrag um einn kílómetra ofan við Skálabyggðina,". "Götur voru gerðar um braggahverfið og vegur niður í þorpið. Enn má finna merki um þessar vegaframkvæmdir," segir í Eyðiþorpinu Skálum. Hófu menn Yarchins þá að leggja veg úr rekaviðadrumbum nokkurn spöl eftir sjávarkambinum og upp

úr fjörunni fyrir faratæki sem þeir áttu von á [...]. Einnig höfðu þeir lagt rúmlega þriggja km langan veg neðan frá sjó og vatnslögn [008] í herbúðirnar, segir í Fremstu víglínu Friðþórs Eydals. Hér skráður ofangreindur vegur, þ.e. sá vegur sem herinn lagði frá fjöru og upp í sjálfa braggabyggðina í Camp Greely. Frá þessum vegi lá einnig vegur austur að ratsjármastri og er sá hluti hann skráður undir númerunum 143 og 153. Af AMT korti frá 1943 má sjá að vegurinn hefur endað við efstu (nyrstu) braggana í Camp Greely. Nú liggur bílvegurinn (Langanesvegur) á þessum slóðum þvert yfir nesið frá Skoruvík, í gegnum Camp Greely og áfram niður í þorpið og endar þar á litlu bílastæði neðarlega í þorpinu. Umræddur vegur var fyrst ruddur í núverandi mynd árið 1960 en á þeim kafla sem nær frá Camp Greely og niður í Skálaþorp er hann lagður á sama stað og eldri vegur sem herinn lagði, a.m.k. sjást engin ummerki um aðra vegagerð á þessum slóðum.

Vegurinn liggur yfir móa og mela, frá braggahverfinu í Camp Greely (og raunar áfram norður) til suðurs að þorpinu á Skálum. Nú er lítillega uppbyggður malarvegur á þessum stað. Vegurinn í braggahverfið lá því ekki í gegnum það og áfram til norðurs eins og nú er heldur endaði þar. Vegurinn úr þorpinu og yfir í Camp Greely hefur verið ríflega 1 km á lengd.



Ljósmynd tekin 29. mars 1943. Á henni sést syðsti hluti vegarins (NÞ-128:160) milli Skálaþorpsins og Camp Greely sést vel. Lengst til hægri á myndinni er vörubifreið hersins og bensíntunnur frá hernum. (NARA 111-SC-229711). Myndin birtist áður í Friðþór Eydal. 1999: 171.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Langnesingasaga II, 47 og 317, Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 16, Friðþór Eydal. 1999, 172, AMS C762, 6225 IV


NÞ-128:161 frásögn um öskuhaug

Samkvæmt Guðbjörgu Guðmundsdóttur heimildamanni var stórum hluta af rusli hersins keyrt til austurs, upp Landsendabrekkuna og eitthvað lengra upp hrygginn. Þar voru samkvæmt henni stórir öskuhaugar. Hún fór aldrei þangað sjálf, enda var þeim krökkunum bannað að fara þangað. Því átti hún erfitt með að staðsetja þá nákvæmlega og vissi ekki hvort ruslinu var brennt eða það urðað. Hún taldi þó að þetta hefði aðeins verið stutt gönguleið frá kampinum en vissi ekki hvort þetta var 5 mínútna gangur eða 20 mínútna. Hún taldi að það hafi verið e.k. slóði þangað sem hermennirnir keyrðu og slóði liggur eftir nesinu sunnanverðu frá Ratsjármastrinu og áfram. Samkvæmt Guðbjörgu áttu strákarnir í þorpinu það til að stelast í hauganna og finna sér alls konar rusl til að endurnýta, byggja úr og leika sér með. Upplýsingarnar um öskuhauginn komu fram á síðasta degi rannsókna 2018 og því var aðeins hægt að leita á litlu svæði nærri ratsjárstöðinni og var það gert án þess að ummerki um hann kæmu í ljós. Svæðið var einnig kannað af loftmynd án þess að beinar vísbendingar kæmu í ljós um haugana.

Samkvæmt og Ásdísi Lúðvíksdóttur og Maríu Friðriksdóttur heimildamönnum sem tekið var viðtal við 2008 voru „Bretahaugarnir" uppi á kömpunum og voru þeir krakkar sem bjuggu á Skálum eftir að herinn fór duglegir að fara þangað og finna sér alls kyns skemmtilegt rusl til að leika með.[3]

Heimild: Viðtal við Guðbjörgu Guðmundsdóttur og *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins,* 194-195

[3] *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins*, bls. 194-195



Hugsanleg staðsetning mannvirkis NÞ-128:162 sýnd með gulum punkti. Loftmynd: Loftmyndir ehf

"Einnig höfðu þeir lagt (...) vatnslögn í herbúðirnar," segir í Fremstu víglínu Friðþórs Eydals, Samkvæmt Guðbjörgu Guðmundsdóttur heimildamanni þá boruðu hermennirnir fyrir vatni við Kringluvatn. Þeir tóku ekki vatn úr sjálfu vatninu heldur boruðu holur þar skammt frá og lögðu svo vatnið í leiðslu í kampinn. Kringluvatn er um 840 m SSV við Camp Greely. Um 400 m austan við vatnið er deiglend kvos þar sem hugsanlegt er að hafi verið borað. Frá henni liggur og í henni um 100 m langur hryggur til austurs að hæð og þaðan er um 150 m langur bílslóði að aðalveginum að Skálum. Svæðið var ekki skoðað á vettvangi en ekki var talið ólíklegt að þarna hafi borholur hersins verið.

Heimildir: Friðþór Eydal. 1999, 172.

NÞ-128:163 *Fagranesfjöll* heimild

Samkvæmt upplýsingum frá heimamönnum á Skálum fundust ummerki um veru meints njósnara í Fagranesfjöllum. Samkvæmt Guðbjörgu Guðmundsdóttur fundust við smölun hellisskútar í Fagranesfjöllunum og inni í þeim niðursuðudósir og fleira dót sem talið var tengjast veru þýskra njósnara á svæðinu á stríðsárunum. Ekki var leitað að umræddum stað í skráningu 2018.

Heimildir: Viðtal við Guðbjörg Guðmundsdóttir og Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 20.

NÞ-128:164 *Bragginn* heimild

Samkvæmt upplýsingum úr bókinni Fremstu Víglínu eftir Friðþór Eydal var "braggi" á sjávarbakkanum í þorpinu á Skálum. Í myndatexta í bókinni við mynd sem sýnir hermenn skipa kolum á land af flutningspramma (horft til vesturs frá uppskipunarpalli). Þar er "bragginn" sagður standa á bakkanum til hægri, vestan við uppskipunarpall en ekki sést eiginlegur braggi á myndinni. Á annarri mynd í sömu bók er einnig minnst á braggann en þar segir í texta við mynd þar sem horft er yfir Skálaþorpið til suðurs "Húsin við sjóinn eru frá vinstri [austri]: Öldufélagshús, pósthús, Fiskhús Þorláks og Jóns Guðmundssonar, bragginn sem var íbúð skipshafna og síðar breskra strandavarða og Gömlu-Skálar..." Á hvorugri myndinni sést móta fyrir byggingu með braggalagi og aðspurð þvertók Guðbjörg Guðmundsdóttir heimildamaður fyrir að eiginlegur braggi hefði verið niður í þorpinu. Í textanum er bragginn einnig sagður nýttur af sem íbúð skipshafna og síðar breskra strandavarðar sem bendir til að um hús sé að ræða sem þegar var á svæðinu en einungis "endurnýtt" á fyrstu stigum landnáms hersins á svæðinu. Um braggann er einnig getið í Langnesingasögu, þó án þess að frekari upplýsingar um staðsetningu eða útlit hans sé þar að finna. Í viðtali Fanneyjar Kristjánsdóttur við Georg Ragnarsson sem ólst upp á Skálum kemur fram að bragginn hafi verið vinnsluhús en búið hafi verið á efri hæðinni á tímabili og að húsið hafi verið við hliðina á Bankahúsloftinu. Nákvæm staðsetning hússins er ekki þekkt en af umræddum ljósmyndum að dæma virðist hún hafa verið skammt vestan við bryggjuna í þorpinu.

Heimildir: Friðþór Eydal. 1999, 173, 171, Langnesingasaga II 47, *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins*, 73 (viðtal við Georg Rafnsson)

5. Saga Skála og Camp Greely


Síðla árs árið 1942 reisti bandarískir herinn ratsjárstöð í landi Skála á Langanesi og lítið braggahverfi, *Camp Greely* þar við. Kampurinn var um 1 km norðan við þorpið á Skálum. Þessi staðsetning var fyrst og fremst valin þar sem hún þótti hentug fyrir ratsjárstöð til að fylgjast með flugumferð við norðaustanvert landið. Ekki er þó ólíklegt að nálægðin við þorpið á Skálum hafi einnig spilað inn í þá ákvörðun. Þorpið á Skálum hafði verið mjög blómlegt á öðrum og þriðja áratug 20. aldar en nú var hnignunartímabil þess hafið þótt þar byggju enn 33 manns um þetta leyti.

Fram undir lok 19. aldar var saga Skálajarðarinnar fremur hefðbundin. Elsta þekkta heimildin um jörðina er frá 13. öld og bendir flest til þess að hún hafi verið meðaljörð á landsvísu í gegnum aldirnar.[4] Landrými jarðarinnar var umtalsvert en landgæði takmörkuð og talsverður hluti þess hrjóstrugur. Sumarhagar voru taldir fremur lélegir en vetrarbeit skárri.[5] Aðal aðdráttarafl jarðarinnar voru hins vegar ýmis hlunnindi s.s. reki, útræði og eggja- og fuglatekja.[6] Á miðöldum er hennar helst getið í tengslum við reka, bæði hvalreka og timburreka sem Sauðaneskirkja átti drjúgan hluta af og einnig Hofskirkja í Vopnafirði.[7] Um 1600 voru Skálar eign Hofskirkju og var jörðin metin á 13 hdr við lok 17. aldar[8] en annars virðist jörðin gjarnan metin á 8 hdr.[9] Meðaldýrleiki jarða á Langanesi var um 9 hdr. í upphafi 18. aldar sem er talsvert undir landsmeðaltali sem var 20 hdr en á móti komu ýmis hlunnindi sem ekki virðast birtast sem skyldi í dýrleika þessara jarða.[10] Í stuttu máli má segja að ekkert bendi til annars en að á Skálum hafi verið nokkuð hefðbundinn búskapur fram eftir öldum þótt talsverð áhersla hafi án efa verið á sjósókn og sjónytjar enda ekki blómlegt landbúnaðarsvæði í neinum skilningi, þótt jörðin hafi verið talin sæmileg fyrir sauðfjárbúskap.

Sem fyrr segir virðast hafa orðið litlar breytingar á búskaparháttum á Skálum fyrr en komið var fram á seinni hluta 19. aldar. Þá var tvíbýli á Skálum og á þessum tíma jókst umfang árabátaútgerðar á svæðinu mikið. Frá áttunda áratug 19. aldar hófu Færeyingar talsvert að sækja fiskveiðar til Langaness og voru áberandi á Skálum þá og síðar. Það var svo eftir 1910 að Skálar urðu að miðstöð árabátaútgerðar á svæðinu og í kringum hana varð Skálaþorpið til.[11] Veturinn 1910-11 voru íbúar á Skálum 19 en þeim fjölgaði ört á næstu árum og náði íbúafjöldinn hámarki

[4] DI V, 247, 278
[5] Langnesingasaga I, 208-209
[6] Hólmsteinn Helgason. 1983: 105-107.
[7] DI V, 278.
[8] The Old Icelandic Land Registers, 3
[9] Jarðatali Johnsen, 346
[10] Langnesingasaga I, 82
[11] Langnesingasaga I, 9, 227-229, 234 og II, 26-28

1924 þegar þar bjuggu 117 íbúar á 22 heimilum[12] en á sumrum bjuggu þar allt að 300 manns.[13] Á þessum tíma var Skálaþorpið framarlega þegar kom að tækninýjungum, þar reis t.d. annað tæknivædda frystihús landsins og þangað kom sími árið 1920. Árabátaútgerðin var þó að líða undir lok og Skálaþorpið sat eftir þegar tækninýjungar ruddu sér til rúms víða annars staðar sökum bágrar hafnaraðstöðu. Um 1930 voru gerðar tilraunir til að bæta hafnaraðstöðuna en af veikum mætti og reyndust þær ekki árangursríkar. Um og upp úr 1930 fór íbúatala undir 100, þá var helsti blómatími þorpsins á Skálum liðinn.[14]




Kort af Skálum og nágrenni. Til hægri er grunnteikning á herforingjaráðskorti frá 1933 en til hægri AMT kort frá 5. áratugnum.

Samgöngur voru ætíð erfiðar á Skálum en sem dæmi má nefna að til Þórshafnar var um 7 tíma gangur. Samgöngur voru mestar við Seyðisfjörð, sjóleiðina.[15] Allt þetta stuðlaði að því að æ færri höfðu áhuga á varanlegri búsetu í þorpinu. Sökum þessa var þorpið aðeins svipur hjá sjón þegar breski og síðar bandaríski herinn mætti á svæðið upp úr 1940. Í upphafi stríðs (1940) bjuggu þó enn 50 manns (og 10 fjölskyldur á svæðinu) en þeim fækkað ört á stríðsárunum. Þegar herinn hóf uppbyggingu síðla árs 1942 voru íbúar 33 talsins og árið 1945 voru fjölskyldurnar orðnar fjórar og aðeins 25 einstaklingar búsettir á Skálum. Árið 1946 var þorpið komið í eyði.[16]

[12] Langnesingasaga II, 32
[13] Fanney Kristjánsdóttir og Sif Jóhannesdóttir. 2008, bls. 10
[14] Langnesingasaga I, 236-237 og II, 39-52, 251
[15] Langnesingasaga II, 46
[16] Langnesingasaga II, 316, 361

Um ratsjárstöðvar[17]

Mikið kapp var lagt á þróun ratsjártækni á stríðsárunum og árunum á undan. Talið var að ratsjártækni gæti haft úrslitaáhrif á framgang stríðsins enda var það eina leiðin til að bregðast við sprengjuflugvélum í tíma. Í upphafi voru Bretar fremstir í þróun tækninnar en Bandaríkjamenn sóttu í sig veðrið þegar fram liðu stundir. Loftvarnarratsjár voru af tveimur gerðum, annars vegar langdræg gerð sem náði til háfleygra flugvéla í allt að 250 km fjarlægð en hins vegar skammdrægar ratsjár (á hærri tíðni) sem betur greindu lágfleygar flugvélar. Áhersla á loftvarnir á Íslandi var fremur lítil í upphafi hernámsins enda höfðu Bretar ekki nægjanlegt magn af nauðsynlegum búnaði til slíks eftirlits og töldu honum betur varið annars staðar. Þegar tekin var ákvörðun um að koma hér upp flug- og flotabækistöð 1941 þurfti hins vegar að endurskoða varnir landsins og var þá tekin ákvörðun um að reisa þrjár ratsjárstöðvar, á Valhúsahæð á Seltjarnarnesi, við Vorsabæ í Ölfusi og á Reynisfjalli hjá Vík í Mýrdal. Áður en Bretar höfðu lokið uppsetningu stöðvanna síðla árs 1941 höfðu Bandaríkjamenn tekið við vörnum landsins og var því rekstur ratsjárstöðvanna hér á landi nær eingöngu í þeirra umsjá.



Ratsjárstöðvar á Íslandi sumarið 1943. Friðþór Eydal. 1999:169

Árið 1942 var aukið mjög við umsvif ratsjárkerfisins á Íslandi og tóku sjö nýjar ratsjárstöðvar til starfa það ár, m.a. á Skálum á Langanesi. Ratsjárstöðvar á Skálum, Siglunesi, Vattarnesi og Hafnartanga voru allar reistar síðari hluta ársins. Allir þessir staðir áttu það sammerkt

[17] Þessi umfjöllun byggir á kafla um ratsjárstöðvar í Friðþór Eydal. 1999:163-167

að vera afskekktir og aðflutningar að þeim erfiðir. Sökum þessa voru settar þar upp ratsjár af gerðinni SC 270B. Þær voru búnar snúningsloftneti á háu, föstu mastri (nefndust þá SC 271) en þær voru valdar þar sem hægt var að flytja þær í mun smærri einingum en aðrar ratsjár.[18]

Þrátt fyrir að mikið hafi verið lagt í að bæta ratsjárvarnir Íslands á stríðsárunum var langt því frá að varnir landsins á þessu sviði væru fullkomnar og kom þar ýmislegt til s.s. skortur á ratsjám til að eftirlitssvæðið væri samfellt, truflanir frá fjöllum, vindur og ísing á tækjunum og reynsluleysi hermanna. Vegna slæmra veðurskilyrða þurfti oft að slökkva á einstaka ratsjám, svo oft að slökkt var á þeim í um helmingi þess tíma sem þær áttu að starfa.[19] Engu að síður var talið að ratsjárstöðvarnar hafi gegnt mjög mikilvægu hlutverki í vörnum landsins.

Uppbygging Camp Greely

Svo virðist sem stríðið hafi haft talsverð áhrif á lífið í þorpinu á Skálum, jafnvel áður en herinn bjó um sig með viðvarandi hætti ofan við þorpið. Snemma á stríðsárunum tók að bera á því að tundurdufl bandamanna, sem lögð höfðu verið í tundurduflagirðingar úti fyrir Austurlandi, losnuðu. Algengt var að tundurduflin ræku að landi á Skálum og spryngju þar. Eins og gefur að skilja hafði það mikil áhrif á daglegt líf á svæðinu, sér í lagi veturinn 1941-1942 sem fékk sökum þessa heitið „Tundurduflaveturinn mikli“ meðal heimamanna.[20] Húsið Oddi (byggt 1926) var yfirgefið árið 1941 eftir að tundurdufl sem rak á fjöruna í þorpinu sprakk og braut allar rúður í húsinu. Húsið var rifið árið eftir og endurbyggt á Þórshöfn. Örlög Hvíta hússins í þorpinu voru enn dapurlegri. Hjónin sem þar bjuggu 1941-1942 flúðu úr húsinu og upp í frystihúsið vegna tundurduflanna en Hvíta húsið féll síðar saman í einni sprengingunni. Þriðja húsið sem fór mjög illa í tundurduflasprengingu var Bakki en þar bjuggu hjón ásamt fimm börnum sínum og fósturdóttur á þessum tíma en fluttu til Þórshafnar þegar sprenging eyðilagði húsið. Fósturdóttir þeirra var sú eina sem slasaðist í öllum þeim mörgu sprengingum tundurdufla á Skálum þegar þung lugt yfir rúmi hennar fell niður á hana í einni sprengingunni. Samkvæmt frásögnum heimamanna sprakk gríðarlegur fjöldi tundurdufla úti fyrir Skálaþorpinu á stríðsárunum, jafnvel margir tugir dufla á dag þegar verst lét.[21]

Saga hersins í landi Skála er í raun tvíþætt. Upphaf hennar má rekja til komu nokkurra breskra hermanna að Skálum í ágúst og september 1940. Þeir tjölduðu ofarlega í þorpinu, í kringum brunna

[18] Friðþór Eydal. 1999:163-167.
[19] Friðþór Eydal. 1999: 169.
[20] Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 10-13.
[21] Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 10-13, 21 og Langnesingasaga II, 50-51

og höfðust við í 1-2 mánuði. Bretarnir höfðu líklega afnot af einu húsi sem nýtt hafði verið fyrir skipshafnir (sjá NÞ-128:162) en bjuggu í tjöldum og samkvæmt heimildamönnum virtust þeir bæði fátækir og illa búnir.[22]

Svo virðist sem hermenn hafi ekki verið á Skálum sumarið 1941 (a.m.k. má ráða það af helstu heimildum). Hinn 1. apríl 1942 komu hins vegar sjóliðar til strandvarðgæslu á svæðinu[23] en þá höfðu bandarískir loftvarnarsérfræðingar komist að þeirri niðurstöðu að staðurinn hentaði vel fyrir ratsjárstöð til að fylgjast með flugumferð út af Norðausturlandi. Markaði það upphafið af mun umgangsmeiri viðveru hersins á þessum slóðum.[24]

Þann 10. júlí kom skip hlaðið byggingarefni og vélum að Skálum en varð frá að hverfa þar sem ekki tókst að koma varningi í land. Heimamenn tóku að sér smíði pramma fyrir herinn til að ferja varning í land og skömmu síðar kom skipið aftur og var þá varningnum skipað á land. Í kjölfarið var fenginn stærri prammi á svæðið og á næstu vikum var skipað á land miklu magni byggingarefnis og tækja, m.a. þremur vörubílum, jarðýtu, grjótmulningsvél, steypuhrærivél, loftpressu, beltadráttarvél, tveimur kerrum og 50 pokum af sementi.[25] Á meðan byggingarframkvæmdum stóð, síðsumars og haustið 1942, bjuggu hermennirnir í tjöldum ofan við þorpið. Fljótlega eftir komuna hófst bandaríska byggingasveitin handa við að leggja veg upp í Mela þar sem hverfið Camp Greely reis síðar. Svæðið sem herinn lagði undir sig á þessum slóðum var grýtt og gróðursnautt og að sögn heimildamanna alveg ónotað. Það var ekki nógu gróðursælt til að það nýttist fyrir útbeit að nokkru marki heldur var fé beit upp „í Dalina". Það var því lítil eftirsjá í landsvæðinu fyrir Skálafólkið.[26] Umfang byggingarframkvæmda hersins var mun meira en heimamenn höfðu nokkurn tíma kynnst. Með í för var mulningsvél sem virðist hafa gert grjótmulning eða salla fyrir vegi og grunn sumra bragganna. Þeir söfnuðu líka flötu grjóti, hjuggu til grjót í hleðslur og hlóðu óvenju veglega grunna undir braggana sína. Heimamenn sem talað var við gátu þess sérstaklega að þeir hefðu lagt mikið á sig til að safna hleðslugrjóti, slíkt grjót hefði ekki verið á hverju strái, auk þess sem þeir sprengdu líka grjót til að nota. Það var enginn sandur á svæðinu og það þurfti að ná í hann Skoruvík. Þangað lá enginn vegur og því þurfti að ná í sandinn og bera í pokum á bakinu. Samkvæmt heimildamanni aðstoðuðu heimamenn við sandburðinn og

[22] Guðbjörg Guðmundsdóttir. Viðtal í ágúst 2018.
[23] Samkvæmt heimildum voru strandgæslumenn á svæðinu fram til 4. nóvember en þá voru hermenn mættir vegna ratsjárstöðvar. Friðþór Eydal, 221, Langnesingasögu II, 46–47, Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 18 og Viðtal við Guðbjörgu Guðmundsdóttur í ágúst 2018.
[24] Friðþór Eydal. 1999:170
[25] Friðþór Eydal. 1999: 170-171
[26] Guðbjörg Guðmundsdóttir. Viðtal í ágúst 2018.

fengu greitt fyrir.[27] Að öðru leyti komu heimamenn ekki nálægt uppbyggingunni eftir því sem best er vitað. Á næstu vikum og mánuðum reisti byggingarsveitin umfangsmikil mannvirki á Melum/Tófuöxl, um 1 km norðan við þorpið á Skálum.[28] Í september barst mikið af tækjum og búnaði í ratsjárstöðina, m.a. þrjár þriggja tonna rafstöðvar sem tókst með lagni að ná á land en æ erfiðara varð að ferja búnað og annan varning í land í haustveðrum. Pramminn sem notaður var í verkið eyðilagðist endanlega síðar um haustið.

Þann 12. október stigu í land 46 hermenn úr 556. ratsjársveitinni (2nd reporting platoon, company C). Liðsmenn byggingarsveitarinnar dvöldu áfram við vinnu en yfirgáfu Skála um miðjan nóvember. Þá höfðu þeir samkvæmt heimildum landað um 600 lestum af varningi af hafi (með aðstoð heimamanna) byggt 24 bragga, reist 12 m hátt ratsjármastur og lagt ríflega 3 km langa vegi um svæðið. Fyrsti formlegi starfsdagur Camp Greely var 6. desember 1942.[29]



Uppskipun hergagna á Skálum reyndist talsvert vandamál. Umfangsmestu aðflutningarnir voru á meðan byggingu kampsins stóð en eftir að lokið var við að byggja hús og mannvirki fólust þeir mest í matvælum, olíu, kolum og annarri nauðsynjavöru. Myndirnar tvær eru teknar í mars 1943, um þremur mánuðum eftir að ratsjárstöðin tók formlega til starfa. (NARA 111-SC-229729 og NARA-111-SC-229709). Þær hafa áður birst í Friðþór Eydal. 1999: 173-174

Ratsjármastrið á Skálum var byggt í tæplega 100 m hæð yfir sjó. Frá ratsjárstöðinni sást ágætlega til lágfleygra flugvéla og ólíkt sumum af hinum íslensku ratsjárstöðvunum truflaði fjalllendi ekki mikið. Friðþór Eydal greinir frá því í bók sinni Fremstu víglínu að nokkrum sinnum hafi orðið vart við þýskar flugvélar á meðan ratsjárstöðin var í byggingu og þá hafi verið skotið á þær en hann getur ekki um slíkar vélar eftir að stöðin var tekin í notkun.[30]

Stöðin á Skálum þótti einangruð enda enginn vegur sem lá að henni frá nærliggjandi sveitum. Því þurfti að senda allar birgðir sjóleiðina og leggja að strönd sem þótti nokkuð

[27] Guðbjörg Guðmundsdóttir. Viðtal í ágúst 2018.
[28] Langnesingasaga II, 47.
[29] History of the 556th Signal Air Warning Battalion e. S L. Stammerjohn, 6.
[30] Friðþór Eydal. 1999: 172-173

berskjölduð. Sökum einangrunarinnar hafði stöðin, líkt og aðrar áþekkar stöðvar, lækni sem bjó þar að staðaldri. Það kom sér vel þegar framkvæma þurfti neyðaruppskurð og fjarlægja botnlanga í einum hermanni í stöðinni þegar talsvert óveður geisaði. Aðgerðin tókst vel en þegar veður lægði lenti lítil flugvél (PBY-5) á svæðinu og flutti sjúklinginn til Reykjavíkur til frekari aðhlynningar.[31] Flugvélakomunnar er getið í tengslum við uppskurðinn en ekki er vitað hvort flugvélar lentu oftar í nágrenni kampsins.

Fjarlægð kampsins frá þorpinu var nokkur. Þar réði án efa mestu nálægð kampsins við ratsjármastrið en einnig virðist herinn hafa markvisst skapað ákveðna fjarlægð milli hermanna og heimamanna. Friðþór Eydal getur þess að Bandaríkjamenn hafi gjarnan reist herbúðir sínar fjær byggð en Bretar gerðu, enda var oft kvartað yfir því hversu nærri byggð bresku kamparnir risu. Þetta var í samræmi við herverndarsamninginn sem í gildi var en nokkru réði þó líka sú staðreynd að Bandaríkjamenn höfðu með sér mun betri efnivið og tæki, t.d. til vegagerðar heldur en Bretar höfðu í upphafi stríðs.[32]

Samskipti

Þrátt fyrir að Camp Greely hafi staðið nærri þorpinu á Skálum voru samskipti milli hersins og heimamanna mjög takmörkuð. Í bók Friðþórs Eydals segir: „Heimamenn á Skálum höfðu ekki mikinn samgang við bandarísku hermennina í ratsjárstöðinni. Þeir höfðu nánast allt sem þeir þurftu í herbúðum sínum en öll samskipti voru mjög vinsamleg."[33] Ber þessari frásögn saman við það sem fram kom í viðtölum við heimildamenn frá Skálum.

Árið 2008 voru tekin viðtöl við 5-6 heimildamenn frá Skálum í tengslum við rannsóknir á Skálaþorpi sem hlutu styrk úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Rætt var við einstaklinga sem bjuggu á Skálum á hernámsárunum en voru allir börn á tímabilinu. Við rannsóknir á herminjunum 2018 var farið í gegnum öll viðtölin en að auki rætt við einn viðmælanda, Guðbjörgu Guðmundsdóttur, aftur. Heimildamenn voru sammála um að samskiptin við herinn hafi verið takmörkuð en mjög góð. Guðbjörg Guðmundsdóttir man eftir því að fullorðna fólkið var í upphafi ekki ánægt með komu hersins en að hennar viti gekk sambúðin mjög vel og bar aldrei skugga á hana.[34] Fyrir utan tundurduflasprengingar var það aðallega tvennt í tengslum við hernámið sem hafði áhrif á daglegt líf þorpsbúa. Annars vegar var það sú staðreynd að vörður var hafður í þorpinu allan sólarhringinn, alla daga ársins. Guðbjörg Guðmundsdóttir heimildamaður segir að það hafi verið óþægilegt að

[31] History of the 556th Signal Air Warning Battalion, 6.
[32] Friðþór Eydal. 1999: 42-43
[33] Friðþór Eydal. 1999: 173
[34] *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins* (viðtal við Georg Rafnsson), 46-57.

hafa vopnaðan hermann í þorpinu og að geta ekki farið út án þess að fylgst væri með þorpsbúum.[35] Hún nefnir einnig að enginn hafi mátt vera úti eftir að skyggja tók og allir hafi orðið að vera komnir inn í hús klukkan tíu og með ljós slökkt eða alla glugga byrgða. Hún segir jafnframt að herinn hafi fylgt þessu vel eftir og það hafi verið hryllilegt að láta loka sig inni eins og skepnur.

Að öðru leyti en þessu höfðu heimamenn í þorpinu lítið af hernum að segja dags daglega og samskipti voru almennt frekar takmörkuð. Georg Rafnsson gat þess að krakkarnir hafi verið skíthræddir við hermennina til að byrja með en fljótlega séð að þetta voru vænstu menn og mjög barngóðir.[36] Þótt Camp Greely hafi ekki verið girt af var kampurinn í raun lokað svæði og ekki var ætlast til að þorpsbúar færu þangað nema þeim væri boðið. Guðbjörg man aldrei eftir því að hermenn hafi komið í þorpið sér til dægrastyttingar, t.d. þegar þeir voru á frívöktum og telur að þeir hafi fundið sér eitthvað annað til að gera. Hún segir að vel hafi verið gengið um í hverfinu, ekkert drasl hafi verið fyrir utan braggana eða neitt slíkt. Aðspurð um hvort hermenn hafi ekki keypt nýmeti s.s. kjöt og fisk, egg eða mjólk af þorpsbúum mundi Guðbjörg ekki neinu slíku og taldi að svo hafi ekki verið. Guðbjörg vissi heldur ekki til þess að nokkur hafi unnið fyrir herliðið, t.d. með því að þvo þvotta eða annað slíkt.

Þorpsbúar kynntust þó ýmsum nýjungum í gegnum herinn s.s. margs konar niðursuðuvörum, ávöxtum og sælgæti en samkvæmt heimildamönnum voru hermennirnir duglegir að dreifa slíku til íbúanna, sér í lagi til krakkanna sem voru flest að kynnast þessum varningi í fyrsta sinn.[37] Guðbjörg segir að strákarnir á Skálum hafi líka sótt í að fá sígarettur hjá hermönnunum. Fleiri en einn af þeim sem rætt var við mundu einnig eftir því að ein jólin hafi hermennirnir komið niður í þorp og útdeilt jólagjöfum til barnanna. Þeir héldu einnig reglulega bíósýningar og buðu heimamönnum í bíó en slíkt var mikil nýlunda.[38]

Almennt létu heimildamenn mjög vel af sambúðinni við herinn og sögðu allir að hermennirnir hefðu verið vingjarnlegir og hjálpsamir. Samkvæmt Georg Rafnssyni reyndu hermennirnir að aðstoða föður hans með bilaða vél í bátnum sínum og hann telur líka að þeir hafi ætlað að leggja rafmagn niður í þorpið en ekki hafi orðið af því. Herlæknir var í kampinum og aðstoðaði hann fólk í sveitinni ef mikið lá við og tók á móti börnum, m.a. einum heimildamanna.[39] Samskipti heimamanna og hermanna voru mörkuð af takmarkaðri tungumálakunnáttu en einn maður á Skálum (Kristmundur frá Bakkafirði) kunni talsvert í ensku og túlkað þegar þörf var á.

---

[35] Guðbjörg Guðmundsdóttir, viðtal í ágúst 2018.
[36] *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins* (viðtal við Georg Rafnsson), 82-87
[37] Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 18–19
[38] Eyðiþorpið Skálar á Langanesi e. Sif Jóhannesdóttur og Fanney Kristjánsdóttur, 19.
[39] *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins* (viðtal við Georg Rafnsson), 15 og 46 og (viðtal við Maríu Friðriksdóttir),148.

Endalokin

Undir lok stríðsáranna voru uppi hugmyndir að víkka hlutverk Camp Greely og bæta aðgengi að stöðinni. Var hafinn undirbúningur að gerð flugvallar í nágrenni ratsjárstöðvarinnar til að auðvelda flutninga manna og varnings.[40] Svipaðar ráðagerðir voru uppi á Siglunesi en stríðinu lauk áður en umræddar hugmyndir komust í framkvæmd.

Heimildum ber ekki saman um hvenær herstöðin Camp Greely var yfirgefin. Samkvæmt upplýsingum frá hernum var það 26. febrúar 1944[41] en í öðrum heimildum er talað um að það hafi verið í stríðslok 1945. Þeir heimildamenn sem rætt var við töluðu um það sama, þ.e. að herinn hefði farið frá Skálum í stríðslok.[42] Við brottförina segja heimildamenn að talsvert af timburverki hafi verið tekið niður en önnur byggingaummerki að mestu skilin eftir. Samkvæmt Georg Rafnssyni heimildamanni tóku hermennirnir saman mikið af aðföngum, s.s. ýmiskonar dósamat og annað matarkyns, settu á vörubílspall og sturtuðu af honum á túnið hjá símstöðinni svo að íbúar gætu deilt þessu sín á milli. Kristmundur sá sem hafði séð um að túlka fyrir þá sá svo um að lesa á dósirnar til að útskýra hvað væri í þeim en margar þeirra voru ómerktar og því hálfgert happadrætti hvaða íbúi fékk hvað.

Eftir að herinn fór var nokkur aðsókn í efnivið úr kampinum. Að sögn Guðbjargar Guðmundsdóttur heimildamanns kom fólk á vörubílum og reif hellugrjótið úr hleðslum og eins voru ofnar eða kamínur sem voru í flestum bragganna teknar. Hún segist einnig muna eftir háum skorsteini úr hellusteinum sem var búið að rústa. Að hennar mati skemmdi niðurrifið svæðið mikið þar sem byggingarleifarnar voru fallegar og vel gerðar. Hún segir því þær leifar sem þarna sjáist í dag séu ekki „svipur hjá sjón“ hjá því sem áður var.

Viðtölin við heimildamenn sem bjuggu á Skálum á stríðsárunum varpa ljósi á samskipti heimamanna og hermanna sem virðast hafa verið mjög takmörkuð og á forsendum hersins, en öll mjög vinsamleg. Sökum þess að heimildamenn voru börn að aldri þegar herinn dvaldi á svæðinu, fengust ekki miklar lýsingar á mannvirkjunum á svæðinu. Heimildamenn vissu t.d. ekki með vissu í hvaða bragga bíósýningar voru haldnar o.s.frv. Ljóst var að braggahverfið var lokað svæði og ekki var ætlast til að þangað færu Íslendingar nema að þeim væri boðið sérstaklega af einhverju tilefni. Svo virðist sem hermennirnir hafi verið sjálfum sér nógir og ekki sótt í félagsskap, vörur eða þjónustu hjá heimamönnum, nema í undartekningartilfellum.

---

[40] Friðþór Eydal. 1999: 173-174, Langnesingasaga II, 47

[41] History of the 556th Signal Air Warning Battalion e. S L. Stammerjohn, 8, *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins* (t.d. viðtal við Maríu Friðriksdóttur og Ásdísi Lúðvíksdóttur, 194-195

[42] Langnesingasaga II, 48. Viðtal við Guðbjörgu Guðmudsdóttir í ágúst 2018 og *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins* 2008.

6. Samantekt

Við skráningu minja í Camp Greely í ágúst 2018 voru skráðir 67 staðir en af þeim voru sjö staðir sem ekki voru staðsettir á vettvangi.[43] Fjórir af minjastöðunum sem skráðir voru reyndust braggaþyrpingar, fjórir braggar á þremur stöðum en þrír á einum. Því má segja að skráðar hafi verið 78 minjaeiningar á svæðinu.

Ekki fundust kort eða góðar yfirlitsmyndir af Camp Greely við skráninguna og því litlar forsendur til að staðsetja aðrar minjar en þær sem ummerki fundust um á vettvangi. Ekki er því ólíklegt að eitthvað af þeim mannvirkjum sem kunna að hafa risið á svæðinu hafi síðar horfið og skilið eftir sig lítil ummerki. Það er því ekki víst að slíkar minjar væri hægt að staðsetja við vettvangsskráningu. Almennt séð reyndust þó ummerki hersins í Camp Greely nokkuð afgerandi og sérstaka athygli vakti sú vinna sem lögð hefur verið í að hlaða upp undirstöður og veggi bragganna en þar sem slíkar hleðslur stóðu sem hæst voru þær allt að 1 m að hæð og breidd. Þessi mannvirki eru í veglegra lagi fyrir braggagrunna og má vera að þar hafi spilað inn í þekking hersins á aðstæðum á Langanesi en þar getur orðið ansi napurt og vindasamt á veturna og má vera að vegghleðslurnar hafi verið hafðar veglegar til að auka einangrun og festa braggana kyrfilega niður.

Talsverð ummerki sáust einnig um vegi, sér í lagi þá sem grjótmulningur hafði verið notaður í, þótt minni slóðar væru reyndar sumsstaðar að hverfa í gróður. Víða sáust einnig ummerki um margs konar gryfjur þótt barmar þeirra væru víða nokkuð teknir að hrynja saman. Hér verður nú gefið yfirlit um helstu minjaflokka sem fundust við vettvangsskráningu.

Braggar

Í Camp Greely sjást greinilegar leifar um 20 bragga. Að auki fundust óljós ummerki á einum stað þar sem hugsanlegt er að einn braggi til viðbótar hafi staðið (NÞ-128:151). Hafi braggarnir raunverulega verið 24 eins og getið er í heimildum er ekki ljóst hvar hinir braggarnir 3-4 stóðu. Mögulegt er hins vegar að þeir hafi aldrei verið fleiri en 20/21.

Til er AMS kort (Army Map Service) sem sýnir byggðina í Camp Greely. Kortið var gefið út árið 1950 en teiknað á árunum 1943-1949.[44] Á því er byggðin í Camp Greely sýnd sem nokkuð samsíða hús beggja vegna við veginn frá þorpinu og í kampinn. Margt bendir til þess að punktarnir séu dregnir skematískt á kortið fremur en að þeir byggi á nákvæmri mælingu á bröggunum og virðist hver punktur ýmist eiga að tákna braggaþyrpingu fremur en stakstæð hús. Sé kortið nákvæm


[43] En þetta voru þrjú í þorpinu sem tundurdufl skemmdu eða grönduðu (NÞ-128:050-052), hinn s.k. *Braggi* (NÞ-128:164) sem stóð í þorpinu áður en herinn kom, meint aðsetur njósnara í Fagranesfjöllum (NÞ-128:163), vatnslögn að kampinum (NÞ-128:162) og meintur öskuhaugur (NÞ-128: 161).
[44] AMS C762, 6225 IV

uppmæling gæti það bent til þess að einhverjir braggar hafi horfið en það virðist koma illa heim og saman við þær minjar sem eftir standa.

Í sjálfu braggahverfinu fundust ummerki um 19 bragga (en einn til viðbótar var við sjálfa ratsjárstöðina) og rof á einum stað til viðbótar þar sem hugsanlegt er að enn einn bragginn hafi staðið (þótt það sé e.t.v. heldur ólíklegt í ljósi annarra ummerkja á svæðinu). Af öðrum bröggum á svæðinu voru skráðar þrjár þyrpingar af tvöföldum braggapörum (NÞ128:111-112 og 117). Allar þessar þyrpingar voru eins uppbyggpar, þ.e. tveir braggar hlið við hlið sem snéru dyrum til móts við tvo aðra sambyggða braggagrunna. Innanmál bragganna var um 12 x 4,5 m og dyr voru á göflum þeirra allra út í port sem lá á milli húsanna. Ummerki allra þyrpinganna þriggja voru mjög stæðileg og útveggir hlaðnir úr grjóti. Botnar allra hólfanna tólf eru nú algrónir mosa og grasi og hvorki sáust ummerki um steinsteypt gólf eða grjótmulning í þeim. Allra umfangsmestu leifarnar eru þyrping NÞ-128:117 en þar standa vegghleðslur enn í um 1 m hæð. Líklegast er að umræddir braggar hafi verið íbúðarbraggar og eru þeir áþekkir að flestu leyti nema því að eitt af húsunum fjórum í þyrpingu NÞ-128:112 er lengra en öll hin húsin og í þeim hluta sem er viðaukið hefur verið hlaðinn arinn sem nú liggur á hliðinni ofan í grunninum. Bendir þetta til þess að þarna kunni að hafa verið e.k. samkomustaður hermannanna. Auk þeirra þriggja braggaþyrpinga sem hér hafa verið nefndar var skráð ein braggaþyrping sem skar sig verulega frá hinum og má ráða það af útiliti minjanna og staðsetningu að þeir braggar hafi ekki verið íbúðarbraggar heldur samkomustaður og mögulega birgðastöð (á ensku *Mess hall*). Braggaþyrpingin (NÞ-128:113) virðist hafa samanstaðið af þremur bröggum fremur en fjórum. Heillegastur var langur (um 26 m) braggagrunnur allra austast sem er með umfangsmiklum steyptum stólpum eftir báðum veggjum og hefur þar án efa verið timburgólf. Austan hans var svo steypt gólfplata og á henni stór járntankur sem notaður var fyrir vatn að sögn Guðbjargar Guðmundsdóttur heimildamanns. Við hlið járntanksins er mjög stór upphleðsla eða aflíðandi búkki sem ekki er ljóst til hvers var notaður en hugsanlegt er að keyrt hafi verið upp á hann. Mjög mikil ummerki eru um steinsteypta stöpla í öðrum á þeim tveimur braggagrunnum sem ganga út frá steyptu plötunni. Ekki er ólíklegt að það hafi verið í þessum húsakynnum sem hermennirnir í Camp Greely héldu bíósýningar fyrir sig og stundum þorpsbúa. Til er skemmtileg ljósmynd sem sýnir hermenn í kampinum við tómstundir og er hún líklegast tekin á þessum slóðum (sjá fornleif NÞ-128:113 í fornleifaskrá).

Í aðal braggahverfinu í Camp Greely voru skráðir grunnar undan fjórum stökum bröggum nokkuð ólíkum að gerð. Þeirra stærstur var braggagrunnur NÞ-128:116 sem var byggður fast undan brekku Tófuaxlar og er um 16 x 5 m að innanmáli. Dyraop var á báðum göflum braggans en botn hans er algróinn. Tveir aðrir einfaldir braggar en nokkru minni (NÞ-128:114-115), voru vestan við áðurnefndan bragga. Þeir voru báðir 10-11 x 4-5 m að innanmáli og op var á suðurgafli þeirra en

einnig á austurlanghlið þess vestari. Botn tóftanna var í báðum tilfellum algróinn. Fjórði staki braggagrunnurinn (NÞ-128:122) í aðal braggahverfinu í Camp Greely skar sig nokkuð frá hinum.



Eina ljósmyndin sem fundist hefur af Camp Greely (tekin í apríl 1943) olli talsverðum heilabrotum og ekki var auðvelt að koma henni heim og saman við þær minjar sem sáust á yfirborði. Hér hefur verið gerð tilraun til að para saman minjanúmer og byggingar á ljósmyndinni en ef rétt er vantar bragga 114 á ljósmyndina. (NARA 111-SC-229023). Myndin birtist áður í Friðþór Eydal. 1999:174.

Hann var byggður upp við Tófuöxl allra syðst í hverfinu, nálægt þeim stað sem vegurinn að ratsjárstöðinni liggur upp á öxlina. Beggja vegna við grunninn voru greinilegar efnisnámur (NÞ-128:123-124). Við gerð braggans hefur verið skorið úr öxlinni og gerður flati og grjótmulningur lagður þar í undir braggagólfið. Engin ummerki sáust um hleðslur umhverfis braggann en braggabönd lágu eftir endilöngu gólfinu. Einn braggagrunnur var skráður utan aðal braggahverfisins en nærri ratsjármastrinu sem var á hæsta punkti Tófuaxlar (NÞ-128:110). Braggagrunnurinn var stór (18 x 8,5 að utanmáli) en innan hans var minni, steinsteypt plata. Ljóst er að bragginn hefur verið reistur í tengslum við sjálft ratsjármastrið og í honum hefur líklega verið sjálf ratsjárstöðin.

Aðrar byggingar

Ýmsar aðrar byggingar en braggar voru á svæðinu í Camp Greely. Er þar fyrst að nefna sjálft ratsjármastrið (NÞ-128:105) sem allt snerist um. Ratsjáin var af gerðinni SC 271.[45] Mastrið var um 12 m hátt og hefur að öllum líkindum verið tekið í sundur og fjarlægt í stríðslok enda var það sérstaklega valið þar sem hægt var að flytja það í smærri bútum en mörg önnur möstur. Af mastrinu

[45] Friðþór Eydal. 1999: 167.

má enn sjá móta fyrir steyptri plötu og í kring eru margvíslegar aðrar steypuleifar og grjóthrúgur sem líklega hafa verið stög (NÞ-128:120).

Fyrirfram var gert ráð fyrir að einhvers konar viðbyggingar og smákofar væru víða í nágrenni bragganna. Slík hús eru víða þekkt, t.d. kamrar, baðhús og geymsluhús. Lítil ummerki um slíkar byggingar fundust hins vegar á vettvangi. Þó voru undantekningar frá þessu. Fast norðan við stakstæðan og stóran bragga upp við Tófuöxl (NÞ-128:116) fundust óljós ummerki um hleðslu eða steinaröð sem líklega hefur markað grunn lítils kofa (NÞ-128:127). Hleðslan markaði svæði sem var 4-5 m á kant. Svipuð ummerki (en þó greinilegri) fundust um grunn (NÞ-128:126) fast sunnan við braggaþyrpingu (NÞ-128:112). Á síðarnefnda staðnum var svert járnrör sem mögulega getur gefið vísbendingu um notkun hússins en annars er í raun lítið um hlutverk þessara bygginga vitað. Á þriðja staðnum, sunnan við braggaþyrpingu (NÞ-128:111), fundust steypuleifar sem gætu verið leifar einhvers mannvirkis en voru þó of óverulegar til að um það væri hægt að fullyrða. Skammt vestan við þá braggaþyrpingu sem líklega hefur verið einhvers konar samkomuhús (NÞ-128:113) var heillegur og hlaðinn brennsluofn (NÞ-128:141) þar sem rusli hefur líklega verið brennt. Ekki er að sjá að yfir honum hafi verið bygging. Önnur ummerki um viðbyggingar eða smákofa fundust ekki á svæðinu.

Samkvæmt heimildum samanstóð herdeildin í Camp Greely af tæplega 50 hermönnum. Fjöldi bragga á svæðinu verður því að teljast nokkuð mikill í því samhengi. Þar voru 20-24 braggar og er ljóst að a.m.k. 12 þeirra hafa verið íbúðarbraggar en líklega þó aðeins fleiri. Samkvæmt því mætti ætla að ekki hefðu þurft að vera nema 3-4 hermenn í bragga sem er óvenju lág íbúatala. Hugsanlegt er að þarna hafi verið byggt með það í huga að fjölga mætti í hersveitinni sem þar dvaldist þegar fram liðu stundir en ef svo var raunin virðist ekki hafa orðið af því. Til að setja fjölda bragga og hermanna í samhengi má nefna að á Vestdalseyri við Seyðisfjörð er talað um að byggðir hafi verið 50 braggar en að þar hafi dvalist allt að 1000 hermenn.[46] Það er því ljóst að óvenju rúmt var um hersveitina á Skálum

Byrgi og skotgryfjur

Talsvert var um skotgryfjur og byssuhreiður í Camp Greely. Samtals fundust ummerki um sjö niðurgrafin mannvirki sem talin voru líkleg skotbyrgi (NÞ-128: 101, 104, 109, 131-132, 134, 137). Byrgin voru flest lítil og niðurgrafin að mestu en grjóthleðslur voru umhverfis sum þeirra.

Fjögur af byrgjunum (NÞ-128:131, 132, 134 og 137) voru í vesturbrún Tófuaxlar með útsýni yfir aðal braggahverfið í Camp Greely og hafa augljóslega verið gerð í þeim tilgangi að vernda

[46] Seyðfirskir hernámsþættir. 1977: 27-28. Herinn á Vestdalseyri hafði þó líklega 5-6 íbúðarhús að auki til yfirráða.

kampinn. Öll umrædd byrgi eru niðurgrafin að mestu með grjóthleðslu að ofanverðu og illgreinileg fyrr en komið er að þeim. Tvö áþekk byrgi (NÞ-128:104 og 109) eru í nágrenni grunnsins af ratsjármastrinu en sjöunda byrgið er talsvert frábrugðið hinum, ekki í brún axlarinnar heldur á henni miðri og ekki niðurgrafið líkt og hin byrgin sem skráð voru. Umrætt byrgi er grjóthlaðið og hringlaga. Hleðslurnar eru jarðlægar og byrgið er um 3 m í þvermál. Ef ekki væri fyrir þá staðreynd að leifar strigapoka eru í hleðslunni hér og þar hefði mátt gera sér í hugarlund að byrgið væri frá byggðinni á Skálum frekar en hernámsárunum. Hugsanlegt er að aldrei hafi verið lokið við byrgi á þessum stað eða að hluti hleðslnanna hafi verið fjarlægður síðar.

Þrjú byssuhreiður voru skráð í Camp Greely (NÞ-128:102-103 og 108) umhverfis grunn ratsjárstöðvar í sunnan- og austanverðri brún Tófuaxlar. Byrgin þrjú eru áþekk. Í öllum tilfellum er um niðurgrafin mannvirki að ræða, 6-8 m að lengd en í kringum 3 m á breidd. Öll skiptast mannvirkin í tvö rými og er annað dýpra en hitt. Í öllum tilfellum sáust leifar af strigapokum í hliðum mannvirkjanna og talsvert timbur fannst í mannvirki 103 og 108. Á síðarnefnda staðnum var einnig talsvert af götuðum járnbrettum (á ensku *Marson mats*) sem líklega hafa þó verið aðflutt eftir að byrgin féllu úr notkun. Öll mannvirkin eru tekin síga talsvert saman og jarðvegur að hrynja inn í gryfjurnar. Í byssuhreiðri NÞ-128:102 mátti greina hleðslu við norðurenda hreiðursins þar sem líklega hefur verið farið ofan í mannvirkið og upp úr því. Þar fundust einnig talsvert mikil för á grjóti í gryfjunni, hringlaga göt, hugsanlega eftir skot (frekar en þau hafi verið boruð).

Auk þeirra niðurgröfnu mannvirkja sem fjallað er um hér að framan voru skráðar átta aðrar gryfjur í Camp Greely. Nokkrar þeirra hafa án efa verið efnisnámur af einhverri tegund (NÞ-128:123, 124, 129, 136) en hinar gryfjurnar eru með óræðara hlutverk. Tvær þeirra (NÞ-128:141 og 145) eru sitt hvorum megin við brennsluofn að baki samkomuskálanum og gætu þær hafa tengst notkun hans. Báðar eru með sléttum botni og er greinilegt að timbur er undir sverði í a.m.k. annarri gryfjunni. Hinar gryfjurnar tvær (NÞ-128:138 og 139) eru nærri stakstæðum braggagrunni (NÞ-128:114) og gæti gefið vísbendingar um notkun hans. Sú gryfja sem er nær braggagrunninum (NÞ-128:138) virðist hafa getað verið rotþró, a.m.k. liggur einhvers konar ræsi og pípulögn frá bragganum og að gryfjunni.

Götur

Einn algengasti minjahópurinn sem skráður var í Camp Greely voru götur og vegir en ummerki um slík mannvirki fundust á 16 stöðum og að auki var vitað um götu á einum stað til viðbótar sem engin ummerki sjást lengur um. Vegirnir eru eins og gefur að skilja mis umfangsmiklir en umfangsmesta vegagerðin hefur annars vegar verið sá vegur sem lá frá þorpinu og upp í kampinn (NÞ-128:160) og hins vegar vegarslóði af þeim vegi og að ratsjárstöð (NÞ-128:153). Fyrrnefndi vegurinn er nú alveg horfinn undir yngri bílveg en sá síðarnefndi óraskaður að mestu. Hann er

uppbyggður og talsvert af grjótmulningi hefur verið notað í hann. Þar sem hann liggur til austurs að ratsjárstöðinni má víða greina ummerki um forrennara hans (NÞ-128:143), óverulegri veg sem lagður hefur verið í krókum á sömu slóðum, líklega aðeins á meðan unnið var að gerð uppbyggða vegarins. Vegarslóði (NÞ-128:158) hefur legið á milli ratsjármasturs og bragga og svo áfram til ASA meðfram ströndinni. Ljóst er að slóðinn hefur verið notaður áfram eftir að hersetunni lauk og svipaða sögu er að segja um slóða (NÞ-128:152) sem liggur til vesturs frá bragga (NÞ-128:113 - sem líklega hefur verið samkomustaður) og í átt að Bjarnarvatni. Aðrar götur/vegir sem skráðar voru reyndust allar stuttar götur, oftast á milli mannvirkja í kampinum. Sumar þessara leiða voru greinilega akvegir (jafnvel með grjótmulningi í, sjá t.d. NÞ-128:144) en aðrar sjálfsagt aðeins gönguslóðar á milli helstu bragga (t.d. NÞ-128:128).

Aðrar minjar

Margvíslegar aðrar óræðar minjar voru skráðar í Camp Greely, t.d. grjóthrúgur sem greinilega hefur verið safnað saman, annað hvort til að nota í mannvirki sem ekki voru reist eða síðar teknar úr mannvirkjum og hrúgað upp (sjá NÞ-128:106, 107 og 133). Á tveimur stöðum höfðu stórir trédrumbar verið lagðir á hliðina og vandlega fergðir með grjóti (NÞ-128:119 og 142) en ekki er ljóst hvers vegna menn lögðu í þá vinnu. Nærri ratsjárstöðinni var skráður afar afgerandi ferhyrndur flekkur af kolasalla (NÞ-128:118) og steypuleifar (NÞ-128:121) sem erfitt var að ráða í og varða sem talið var líklegt að hefði verið gerð af hermönnum var í brúninni ofan við kampinn (NÞ-128:135). Að lokum má nefna að talsverðar leifar fundust um símalínu (NÞ-128:130) sem lögð hefur verið um svæðið en hluti af símastaurunum er enn á upprunalegum stöðum þótt að þeir liggi nú fúnir á jörðinni.

Auk skráningar á jarðföstum minjum var talsverður fjöldi af gripum og öðrum ummerkjum á yfirborði á svæðinu. Getið var um slíkar minjar í lýsingum mannvirkja þar sem þær voru tengdar þeim og að auki gengið um svæðið til að safna dæmum um helstu gripi og efnisleifar sem á svæðinu voru. Slíkir gripir voru mældir inn í hnitakerfi en verður fjallað um þá í skýrslunni sem kemur út um verkefnið í heild.

Áður en vettvangsskráning hófst voru helstu mannvirki á svæðinu kortlögð af fyrirliggjandi kortagögnum. Samanburður á milli þeirrar kortlagningar og vettvangsskráningu sýnir að við kortlagningu loftmynda náðust grófar upplýsingar um flest af stærri mannvirkjunum á svæðinu, helstu braggagrunna og umfangsmestu göturnar. Á vettvangi bættust hins vegar við mikið af upplýsingum um gerð bragganna og efnismenningu svæðisins sem og upplýsingar um smærri byggingar, gryfjur, skotgrafir, byssuhreiður og alls kyns óljósari mannvirki.

Sökum þess hversu umfangsmiklar leifar voru eftir á svæðinu var vettvangsskráningin og úrvinnsla hennar nokkuð tímafrekt verkefni og bendir þessi fyrsta skráningarför til þess að það sé á engan hátt fljótlegra að skrá herminjar á nákvæman hátt en aðra minjaflokka, jafnvel þótt góður undirbúningur sé hafður við áður en farið er á vettvang.

Sú efnismenning sem fylgdi hernum og varð að hluta til eftir þegar hann yfirgaf herbraggana er áhugaverð viðbót við það sem vanalega er skráð. Algengast er að við hefðbundna skráningu sé ekki mikið af slíkum minjum að sjá, nema á uppblásnum svæðum. Það er því áhugavert að kanna betur slíkar leifar, s.s. timburverk, járnbindingar, gler og ýmsa innanstokksmuni við skráningu herminja. Vel má vera að við skráningu slíkra minja gæti komið að gagni að útbúa lista yfir algenga gripi og efnismenningu hersins sem finnst gjarnan á slíkum stöðum sem þá væri hægt að haka við eftir þörfum á hverjum stað til að flýta yfirferð og ná góðri heildarsýn. Áfram verður haldið með skráningu herminja sumarið 2019 og verður þá haldið áfram að þróa aðferðir.

Heimildaskrá

AMS C762, 6225 IV: Kort af Langanesi (Skálum). Gert af Kortadeild Bandaríkjahers á árunum 1948-1951. Í mælikvarðanum 1:50.000.

DI I-XI: *Íslenzkt fornbréfasafn I-XIV*. 1857-1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík.

Eyðiþorpið Skálar á Langanesi: Sif Jóhannesdóttir og Fanney Kristjánsdóttir. 2008. *Eyðiþorpið Skálar á Langanesi: tekið saman fyrir Langanesbyggð*. Skýrsla, útgefanda og útgáfustað vantar.

Friðrik G. Olgeirsson. 1998. *Langnesingasaga I: Saga byggðar á Langanesi frá landnámi og til 1918*. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Friðrik G. Olgeirsson. *Langnesingasaga II: Saga byggðar á Langanesi frá 1918 til 2000*. 2000. Þórshafnarhreppur. Reykjavík.

Friðþór Eydal. 1999. *Fremsta víglína: Átök og hernaðarumsvif á Austurlandi í heimstyrjöldinni síðari*. Bláseggur. Reykjavík.

Gísli Guðmundsson. 1963. „Um byggð á Langanesi". *Árbók Þingeyinga* (bls. 98-99). Útgáfustaður óþekktur: Suður-Þingeyjarsýsla, Norður- Þingeyjarsýsla og Húsavíkurkaupstaður.

Herforingjaráðskort frá 1933: Frumgögn, kort 101 n.v. frá 1933, Sauðanessókn. Aðgengilegt á vef Landmælinga Íslands.

History of the 556th Signal Air Warning Battalion (SAW) in Iceland. Dagsett 05.03.2018. Tekið saman af: L. Stammerjohn. (bls. 1-12). http://www.geocities.ws/m29003/n556a.html

Hjálmar Vilhjálmsson. 1977. *Seyðfirskir hernámsþættir*. Örn og Örlygur. [Án útgáfustaðar].

Hjörleifur Guttormsson. 2013. *Árbók Ferðafélagsins 2013: Norðausturland: Vopnafjörður, Strönd, Langanes, Þistilfjörður, Slétta, Núpasveit, Öxarfjörður og Hólsfjöll*. Ferðafélag Íslands. Reykjavík.

Hólmsteinn Helgason. 1983. „Skálar á Langanesi" *Árbók Þingeyinga* 1983: 105-132.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XII. Þingeyjarsýslur*. 1943. Kaupmannahöfn.

Lög um menningarminjar 80/2012.

Lýsing Þingeyjarsýslu: Björn Guðmundsson tók saman.1959. *Lýsingu Þingeyjarsýslu* Helgafell. Reykjavík.

The Old Icelandic Land Registers: Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*: Lund. Gleerup.

„Saga Skála er lítið ævintýri". 1998. *Morgunblaðið* 17. maí 1998, bls.9.

Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins. Fanney Kristjánsdóttir (nemandi) og Sif Jóhannesdóttir (leiðbeinandi). 2008. *Skálar á Langanesi: Eigindleg viðtöl við fyrrum íbúa í þorpsins*. Óútgefin skýrsla, skilað til Nýsköpunarsjóðs námsmanna, varðveitt á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sýslu- og sóknalýsingar Þingeyjarsýslna: Sýslu- og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844. 1994. Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir (ritnefnd). Gott mál hf. Reykjavík.

Sýslu- og sóknalýsingar Múlasýslna: Múlasýslur: Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874. 2000. Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson sáu um útgáfu. Sögufélagið og Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

Þóra Pétursdóttir o.fl. 2019. *Hernámið frá sjónarhóli fornleifafræðinnar: framvinduskýrsla* (væntanleg).

Þóra Pétursdóttir. o.fl. 2019. "Surveying surveillance: Archaeological inspections of Camp Greely in NW Iceland". Grein væntanleg 2019.

Þóra. G. Sigurðardóttir. 1985. „Skálar á Langanesi.“ kafli í bókinni *Land og fólk: Byggðasaga Norður-Þingeyinga.* Bls. 192-199 Útgáfustaður óþekktur. Búnaðarsamband Norður- Þingeyinga.

Óútgefið efni:

https://atlas.lmi.is/soguleg_gogn/herforingjarad_frumgogn_myndir/atlaskort_teikningar/JPEG/1933-8-02.jpg

Túnakort frá 1920. Á vef Þjóðskjalasafns Íslands. Slóðin er testbirting.manntal.is/

https://en.wikipedia.org/wiki/Marston_Mat

Loftmyndagögn:

Loftmyndir ehf.

Heimildamenn:

Guðbjörg Guðmundsdóttir (úr viðtali 2008 og viðtal tekið sumarið 2018)

Gunnar Guðmundsson (úr viðtali frá 2008)


Ásdís Lúðvíksdóttir (úr viðtali frá 2008)

María Friðriksdóttir (úr viðtali frá 2008)

Þórunn Þorsteinsdóttir (úr viðtali frá 2008)

Georg Ragnarsson (úr viðtali frá 2008)

MINJAKORT



Yfirlitskort sem sýnir skráðar minjar í aðalbraggahverfinu í Camp Greely. Loftmynd: Loftmyndir ehf



Yfirlitskort sem sýnir skráðar minjar í námunda við ratsjármastur í Camp Greely. Loftmynd: Loftmyndir ehf